# FRÉTTABLAÐIÐ

54. TÖLUBLAÐ 18. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — MÁNUDAGUR 5. MARS 2018




**Skuggar á skíðum** Félagar úr Hjálparsveit skáta í Kópavogi gengu um helgina á skíðum frá Sigöldu í Landmannalaugar og til baka eftir næturdvöl á hálendinu. Þótt stundum blési á 25 kílómetra langri leiðinni og það væri kalt var bjart og frábært veður til útivistar. Sól var lágt á lofti og varpaði gönguskíðafólkið því löngum skuggum á harðfrosið hjarnið. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Gerir ekki athugun á ráðherra

**Umboðsmaður Alþingis skoðar stigagjöf við mat á umsækjendum um opinber störf og áhrif hennar á stjórnsýsluhætti. Hann telur dómstóla hafa svarað álitaefnum um embættisfærslur dómsmálaráðherra.**

**STJÓRNSÝSLA** Umboðsmaður Alþingis mun ekki gera frumkvæðisathugun á embættisfærslum Sigríðar Á. Andersen dómsmálaráðherra við ráðningu fimmtán dómara við Landsrétt.

Umboðsmaður telur umfjöllun dómstóla svara nægilega vangaveltum um undirbúning og ákvarðanir ráðherrans í málinu.

„Í ljósi fyrirliggjandi umfjöllunar dómstóla og Alþingis um undirbúning og ákvarðanir dómsmálaráðherra vegna tillagna um skipun dómara í landsrétt telur umboðsmaður alþingis ekki tilefni til þess að hann taki einstök atriði þess máls til athugunar að eigin frumkvæði,“ segir í bréfi til stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar þingsins.

Nefndin ákvað 6. febrúar að gefa umboðsmanni rými til að taka afstöðu til þess hvort hann hæfi frumkvæðisathugun á málinu.

Hæstaréttardómar hafa fallið gegn ráðherranum þar sem hún fór ekki eftir stjórnsýslulögum. „Af lestri þessara dóma fékk ég ekki annað séð en að þar væri nægjanlega upplýst um málsatvik og lagaatriði,“ segir í bréfi umboðsmanns.

> **Fékk ég ekki annað séð en að þar væri nægjanlega upplýst um málsatvik.**
>
> Umboðsmaður Alþingis

Hins vegar ætlar umboðsmaður að skoða að nýju stigagjöf við mat á umsækjendum um opinber störf.

„Hefur umboðsmaður hugað að því að hefja frumkvæðisathugun þar sem dregin verða fram dæmi um áhrif slíkrar stigagjafar og hvernig hún horfir við með tilliti til reglna stjórnsýsluréttarins, úrlausna dómstóla og vandaðra stjórnsýsluhátta og þá sérstaklega með það í huga að hvaða leyti þurfi að vanda betur til þessara mála.“

Einnig segir umboðsmaður ekki tilefni til athugunar á ráðgjafarskyldu opinberra starfsmanna. Ráðherrann hafi fengið ráðgjöf í samræmi við lagaskyldu opinberra starfsmanna en þó ekki fylgt henni.

„Það hvaða upplýsingar þingmenn höfðu um þennan þátt málsins þegar þeir fjölluðu um það fellur einnig utan starfsviðs umboðsmanns,“ segir í bréfi umboðsmanns. – sa

## Fréttablaðið í dag




**SKOÐUN** Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir skrifar um umræðuvanda og útúrsnúninga. 13

**SPORT** Íslenska landsliðið mætir Evrópumeisturum Hollendinga í Algarve í dag. 14

**FRÉTTIR** Af þeim sem taka afstöðu segja 59 prósent í könnun að flugvöllur eigi að vera áfram í Vatnsmýri. 4

**LÍFIÐ** Prikið og fleiri fyrirtæki segja skilið við plaströrin. 26

**PLÚS 2 SÉRBLÖÐ** ● **FÓLK** ● **FASTEIGNIR**


*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015


Verk og vit

Velkomin á stórsýninguna Verk og vit

Laugardalshöll 8.–11. mars

Allt það nýjasta í íslenskum byggingariðnaði, skipulagsmálum og mannvirkjagerð

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið

SI

BYKO

www.verkogvit.is

## Veður




Norðan og norðaustan 8-15 m/s í dag, en 15-20 sunnan Vatnajökuls. Snjókoma eða él, einkum um landið austanvert, en þurrt og bjart veður suðvestan til. Frost 0 til 8 stig.

SJÁ SÍÐU 20



**Eyþór Arnalds og Hildur Björnsdóttir leiða lista Sjálfstæðisflokksins.** FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

# Vilja miðstöð samgangna við Kringluna

**STJÓRNMÁL** Byggð í Keldum og Örfirisey og möguleg samgöngumiðstöð við Kringluna er meðal þess sem Sjálfstæðisflokkurinn í Reykjavík mun bjóða upp á í komandi borgarstjórnarkosningum.

Þetta er meðal þess sem fram kemur í Reykjavíkursáttmála flokksins sem samþykktur var á fundi Varðar um helgina. Sáttmálanum er ætlað að marka áherslur Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík fyrir komandi borgarstjórnarkosningar. Á annað hundrað manns sóttu fundinn. Stefnan var kynnt á blaðamannafundi við Kringluna.

„Við munum einfalda stjórnkerfið sem er of óskilvirkt í dag og þá munum við afnema innviðagjald sem leggst þungt á íbúðaverfi í borginni,“ segir Eyþór Arnalds, oddviti flokksins, í kosningunum.

„Stórátak í vegamálum er löngu tímabært og í skólamálum viljum við tryggja að allir fái nám við hæfi og leikskólarými séu til fyrir börn 12 mánaða og eldri. Loks viljum við bæta sorphirðu og að götur borgarinnar séu þrifnar.“

Meðal annarra mála sem nefnd eru í sáttmálanum er að uppbyggingu á núverandi uppbyggingu Landspítalans verði lokið en samhliða því verði farið í staðarvalsgreiningu fyrir framtíðaruppbyggingu sjúkrahúsþjónustu í borginni. Þá vill flokkurinn gera sorpflokkun auðveldari, sorphirðudögum verði fjölgað og plastnotkun verði aflögð í stofnunum borgarinnar. – **jóe**

# Seldu verðandi stúdentum háskólanám




**Nemar úr öllum háskólum landsins reyndu að sannfæra áhugasama gesti háskóladagsins um að þeir ættu að innrita sig á námsleið þeirra. Háskóli Íslands og Háskólinn í Reykjavík kynntu starfsemi sína í sínum byggingum en að auki komu nemar úr háskólum landsbyggðarinnar, frá Hólum, Akureyri, Bifröst og Hvanneyri, og kynntu námsframboð sitt. Geislafræðinemar beittu beinagrind fyrir verðandi háskólanema.** FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

## Ævar Jóhannesson látinn



Ævar Jóhannesson lést á laugardag á 87 ára afmælisdegi sínum. Þrátt fyrir að vera ómenntaður vann Ævar í áratugi að vísindastörfum hjá Raunvísindadeild Háskólans. Hann fann þar á meðal upp hina frægu íssjá sem mælir þykkt jökla en fram að því hafði það verið ómögulegt.

Ævar var þekktur fyrir að hafa í áratugi soðið lúpínuseyði og gefið það þeim sem vildu. Margir töldu það hjálpa gegn sjúkdómum, meðal annars krabbameini.

Ævar hlaut fjölda viðurkenninga á lífsleiðinni fyrir óeigingjarnt starf sitt, þar á meðan samfélagsverðlaun Fréttablaðsins árið 2007.

# Leynd yfir mögulegum arftaka Sveins Arasonar

**Alþingi kýs nýjan ríkisendurskoðanda í apríl. Fáir gefa kost á sér í embættið. Mikilvægt að víðsýnn einstaklingur veljist í embættið segir fráfarandi ríkisendurskoðandi. Forsætisnefnd fer yfir tilnefningar og gerir tillögu til Alþingis.**

**STJÓRNSÝSLA** „Ríkisendurskoðandi þarf að vera víðsýnn og má ekki vera bara ofan í tölunum og í bókhaldi heldur hafa breiðari þekkingu á ríkisfjármálum og viðfangsefnum ríkisins,“ segir Sveinn Arason, fráfarandi ríkisendurskoðandi, sem lætur af embætti ríkisendurskoðanda í vor.

Alþingi kýs nýjan ríkisendurskoðanda í næsta mánuði. Frestur til að skila tilnefningum til forsætisnefndar rann út 24. febrúar en ekki fæst uppgefið hverjir eru tilnefndir.

„Þetta er ekki alveg eins og ráðningarferli í kjölfar auglýsingar um stöðu, því þetta var ekki auglýst sem starf,“ segir Steingrímur J Sigfússon, forseti Alþingis. „En við vildum að sjálfsögðu hafa þetta opið og senda um tilkynningu um að fyrir dyrum standi að kjósa ríkisendurskoðanda, að áhugasamir geti gefið sig fram og aðrir komið með ábendingar um æskilega menn.“

Steingrímur segir óvíst að nafnalisti verði birtur enda sambland af yfirlýsingum um áhuga á starfinu og ábendingum um heppilega menn.

Aðspurður segir Steingrímur nöfn þeirra sem til greina komi ekki mörg. „Auglýsingin vakti ekkert mjög mikil viðbrögð og satt best að segja átti ég von á fleirum,“ segir hann.

Að sögn Steingríms er engin hefð fyrir því hér að einstaklingur með fortíð úr stjórnmálum sé valinn í þetta embætti.

„Hefðin er ekki sú sama hér eins og í Noregi til dæmis, þar hafa til dæmis fyrrverandi fjármálaráðherrar orðið ríkisendurskoðendur en við höfum sem betur fer ekki verið með slíkt fyrirkomulag. Það hafa frekar verið reyndir menn úr embættismannakerfinu, úr endurskoðunarheiminum eða lögfræðingastétt.“



**Sveinn Arason fer nú að hugsa sinn gang og kanna hvort eitthvað er um að vera utan veggjanna á skrifstofu Ríkisendurskoðunar.** FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

> **Auglýsingin vakti ekkert mjög mikil viðbrögð og satt best að segja átti ég von á fleirum.**
>
> Steingrímur J. Sigfússon, forseti Alþingis

Fráfarandi ríkisendurskoðandi tekur í sama streng. Ekki sé heppilegt að hafa einstakling úr stjórnmálalífinu. Þá segir Sveinn aðspurður að viðhorf forstöðumanna ríkisstofnana til Ríkisendurskoðunar og ábendinga hennar hafi breyst.

„Þeir hafa nánast alveg hætt að líta á ábendingar sem persónulegar árásir á sig og sitt starf. Það er liðin tíð, en það var alveg greinilegt þegar við byrjuðum á þessu að þá litu menn svo á,“ segir Sveinn og játar því að gagnrýni ríkisendurskoðunar á ríkisstofnanir sé vandmeðfarin.

„Ábendingar okkar eru miklu nákvæmari og beinskeyttari en áður og þannig er auðveldara að mæla hvort þeim hefur verið fylgt eftir.“

Sveinn hefur verið tíu ár í embætti en lætur nú af störfum vegna aldurs. „Maður fer eitthvað að hugsa sinn gang og sjá hvort það er ekki eitthvað um að vera handan skrifstofuveggjanna.“ **adalheidur@frettabladid.is**



GILDIR 05.03.18

# TAX FREE

R! LOKADAGUR! L




# AF ÖLLUM VÖRUM

## Í ÖLLUM BÚÐUM

KOMDU OG GERÐU FRÁBÆR KAUP!

RÚMFATA LAGERINN

HERBERGIÐ • BAÐIÐ • HEIMILIÐ

AFNEMUM VIRÐISAUKASKATT AF ÖLLUM VÖRUM. TAX FREE TILBOÐ JAFNGILDIR 19,35% AFSLÆTTI. AFSLÁTTURINN ER Á KOSTNAÐ RÚMFATALAGERSINS. VIRÐISAUKA ER AÐ SJÁLFSÖGÐU SKILAÐ TIL RÍKISSJÓÐS.

ERUM Á 6 STÖÐUM: SKEIFUNNI - SMÁRATORGI - BÍLDSHÖFÐA - GRANDA - AKUREYRI - SELFOSSI

# Vilja áminna forstöðumenn stofnana fyrir kynbundinn launamun

**STJÓRNMÁL** Samfylkingin vill að forstöðumenn stofnana verði áminntir viðgangist kynbundinn launamunur undir þeirra stjórn.

Landsfundur flokksins var haldinn um helgina þar sem Logi Einarsson og Heiða Björg Hilmisdóttir voru endurkjörin í embætti formanns og varaformanns.

Helsta verkefni fundarins var endurskoðun stefnu flokksins auk undirbúnings fyrir komandi sveitarstjórnarkosningar.

Þá var samþykkt sérstök stefna gegn einelti og áreitni innan Samfylkingarinnar.

Samkvæmt hinni nýju stefnu mun flokkurinn meðal annars skilgreina hlutverk sérstaks trúnaðarmanns og skapa félagsmönnum sérstakan farveg til að koma kvörtunum á framfæri og tryggja þeim formlegan og málefnalegan farveg.

Halda á sérstaka fræðslufundi um stefnuna á hverju hausti og hún verður kynnt fyrir kjörnum fulltrúum og þeim sem gegna trúnaðarstörfum fyrir flokkinn. **– aá**

## Meðal samþykktra stefnumála

- Forstöðumenn stofnana verði áminntir viðgangist kynbundinn launamunur undir þeirra stjórn,
- Kosningaaldur verði færður niður í 16 ár.
- Þjóðaratkvæðagreiðsla fari fram um framhald aðildarviðræðna við ESB.
- Gerð fríverslunarsamninga við Bretland eftir útgöngu úr ESB.
- Palestínskum yfirvöldum boðið að opna sendiráð á Íslandi.
- Hækkun húsnæðisbóta og barnabóta.
- Fjölgun félagslegra íbúða í öllum sveitarfélögum.
- Fjölgun leiguíbúða með skattaívilnunum til þeirra sem leigja út í langtímaleigu.
- Efling geðheilbrigðisþjónustu.
- Lýðheilsuskattur á óholla matvöru.
- Lækkun verndartolla í landbúnaði.
- Tryggja aðgang að þriggja fasa rafmagni um allt land.
- Sporna gegn við kennitöluflakki.
- Hagstjórn sem felur í sér að Íslendingar geti gengið í Evrópusambandið og tekið upp evru.



**Á Hólmavík.** FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

## Starfsmaður stal frá kaupfélagi

**DÓMSMÁL** Starfsmaður Kaupfélags Steingrímsfjarðar á Hólmavík var í Héraðsdómi Vestfjarða undir lok febrúar dæmdur í þrjátíu daga skilorðsbundið fangelsi fyrir fjárdrátt.

Á vikutímabili í september í haust varð maðurinn uppvís að því að millifæra rífega 53 þúsund krónur inn á kortareikning sinn í gegnum afgreiðslukerfi verslunarinnar.

Maðurinn játaði brot sitt. Við ákvörðun refsingar var litið til þess að hann hafði ekki gerst brotlegur áður en einnig til þess að hann hafði ekki endurgreitt féð. **– jóe**

## 400 hafa þegar kosið í Eflingu

**KJARAMÁL** Um 400 manns hafa kosið utan kjörfundar í kosningu um nýjan formann og stjórn Eflingar. Kjörfundur hefst klukkan níu í dag á skrifstofu félagsins að Guðrúnartúni 1 og stendur til kl. 16 á morgun.

„Það hefur aldrei verið rafræn kosning hjá Eflingu,“ segir Magnús M. Norðdahl, formaður Kjörstjórnar Eflingar. Aðspurður segir Magnús reynslu ASÍ sýna að þátttaka í rafrænum kosningum sé ekki meiri en í kjörstaðakosningum.

„Það var mat þeirra sem gerst þekkja til að það væri farsælla að vera ekki með einhverja tilraunastarfsemi í því sambandi innan félagsins en nota frekar annað tækifæri til þess,“ segir Magnús. **– aá**

# Forstjóri Ernis segir umræðuna um Hvassahraun vera út í hött

Sex af hverjum tíu sem afstöðu taka í nýrri könnun vilja hafa flugvöllinn áfram í Vatnsmýri. Eldra fólk er líklegra til að vilja hafa völlinn áfram. Niðurstaðan kemur Herði Guðmundssyni, stofnanda Ernis ekki á óvart. „Þessi umræða er bara ekki alveg í lagi og ég veit eiginlega ekkert hvernig hún verður til,“ segir Hörður.

**SAMGÖNGUR** „Mér hefur alltaf fundist þessi umræða um flugvöll úti í Hvassahrauni vera út í hött,“ segir Hörður Guðmundsson, forstjóri flugfélagsins Ernis. Hann segir niðurstöður nýrrar skoðanakönnunar, sem Fréttablaðið og frettabladid.is gerðu, ekki koma sér á óvart.

Samkvæmt niðurstöðum könnunarinnar vilja 59 prósent þeirra sem afstöðu tóku hafa flugvöllinn áfram í Vatnsmýrinni, 30 prósent vilja ekki hafa hann þar en 11 prósent eru hlutlaus í afstöðu sinni.

Þegar svörin eru skoðuð í heild kemur fram að 54 prósent vilja hafa flugvöllinn áfram í Vatnsmýrinni, 28 prósent vilja ekki hafa hann þar áfram, 10 prósent eru hlutlaus, 4 prósent hafa ekki gert upp hug sinn og þrjú prósent neita að svara spurningunni.

Þegar svörin eru greind eftir aldri sést að fólk í aldurshópnum 50 ára og eldri er líklegra til að vilja hafa völlinn áfram í Vatnsmýrinni en þeir sem eru á aldrinum 18-49 ára. Þá vekur það líka athygli að konur eru líklegri til að vilja hafa völlinn áfram í Vatnsmýrinni en karlar.

Hörður segir að hver nefndin hafi verið skipuð á eftir annarri til að kanna hvar Reykjavíkurflugvöllur eigi að vera.

„Það hefur verið Rögnunefndin og fleiri nefndir og alltaf er borgarstjóri leiddur til hásætis í nefndinni. Hann hefur nú yfirleitt bara eyðilagt þessar nefndir af því að það hafa aldrei komið nein skýr svör,“ segir Hörður.

Flugfélagið Ernir flýgur til sex staða á landsbyggðinni.

> Hann hefur nú yfirleitt bara eyðilagt þessar nefndir af því að það hafa aldrei komið nein skýr svör.



Hörður Guðmundsson, forstjóri flugfélagsins Ernis.

„Fjölmörg fyrirtæki eru að þjónusta landsbyggðina og landsbyggðin er að sækja til Reykjavíkur þannig að þetta er svona „win win“ fyrir báða aðila að hafa flugvöllinn og samgöngur í lagi,“ segir Hörður og ítrekar að sér finnist umræða um flugvöll í Hvassahrauni algerlega út í hött. „Þessi umræða er bara ekki alveg í lagi og ég veit eiginlega ekkert hvernig hún verður til.

Könnunin var gerð þannig að hringt var í 1.322 manns með lögheimili í Reykjavík þar til náðist í 800 samkvæmt lagskiptu úrtaki dagana 26. og 27. febrúar. Svarhlutfallið var 60,5 prósent.

Þátttakendur voru valdir með slembiúrtaki úr þjóðskrá. Svarendur skiptust jafnt eftir kyni og hlutfallslega eftir aldri.

Spurt var: Viltu hafa flugvöllinn áfram í Vatnsmýrinni? 93 prósent þeirra sem svöruðu tóku afstöðu til spurningarinnar.

jonhakon@frettabladid.is









HYBRID **Orkuskiptin eru hafin!** Gríptu tækifærið og kauptu Hybrid á góðum kjörum.

## Hybrid – 50% rafdrifinn

Toyota C-HR er fínslípaður demantur sem sker sig úr hvar sem hann kemur. Kröftug vél, einstakir akstursseiginleikar ásamt háþróuðu farþegarými sjá til þess að þú líðir um strætin í fullkomnu flæði. Komdu, taktu í stýrið og finndu hvernig Toyota C-HR skapar algjörlega ný viðmið.

- **2 ára þjónustupakki fylgir með öllum Toyota C-HR**
- **Kynntu þér Toyota FLEX, nýja leið til að eignast Toyota bifreið, á www.toyota.is**

**VILDARPUNKTAR ICELANDAIR MEÐ ÖLLUM NÝJUM TOYOTUM**

5 3+2 ÁBYRGÐ · 2 ÁRA ÞJÓNUSTA · FLEX

**Toyota Kauptúni**
Kauptúni 6
Garðabæ
Sími: 570-5070

**Toyota Akureyri**
Baldursnesi 1
Akureyri
Sími: 460-4300

**Toyota Reykjanesbæ**
Njarðarbraut 19
Reykjanesbæ
Sími: 420-6600

**Toyota Selfossi**
Fossnesi 14
Selfossi
Sími: 480-8000

Sjá nánar um Vildarpunktasöfnun á www.toyota.is. Bíllinn í þessari auglýsingu endurspeglar ekki endilega það verð og þann búnað sem tilgreindur er. Fyrirvari við 5 ára ábyrgð: Ökutækinu skal viðhaldið samkvæmt vörulýsingu og leiðbeiningum framleiðandans. Sé það ekki gert getur það valdið ógildingu ábyrgðar varðandi hluti sem þarfnast viðhalds. Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur.

## Ásökun um svik af verstu sort

**SAMGÖNGUR** „Það væru svik af verstu sort við Vestfirðinga ef ekki verður tenging milli svæða á Vestfjörðum allt árið um kring,“ segir bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar sem mótmælir „harðlega seinagangi í hönnun og undirbúningi vegna lagningar nýs vegar yfir Dynjandisheiði, milli Flókalundar, Dynjanda og Bíldudals“.

Þá segir bæjarstjórn sérstaklega ámælisvert að ekki hafi verið sett til hliðar fjármagn á árinu 2018 til að hefja framkvæmdir við nýjan veg yfir Dynjandisheiði, líkt og gildandi samgönguáætlun mælir fyrir um. „Vegurinn um heiðina mun leysa af hólmi 60 ára gamlan moldarveg. Þessi vinnubrögð eru áfellisdómur yfir aðkomu Alþingis að frágangi fjárlaga yfirstandandi árs,“ segir í bókun bæjarstjórnarinnar.

„Alla tíð hefur legið fyrir að vegur um Dynjandisheiði og Bíldudalsvegur eru nauðsynleg forsenda þess að Dýrafjarðargöng nýtist Vestfirðingum sem samgöngubót, enda hefur það jafnan verið óumdeild krafa sveitarfélaga á Vestfjörðum að þessir vegir verði tilbúnir þegar kemur að verklokum jarðganganna.“ **– gar**

> Vegurinn um heiðina mun leysa af hólmi 60 ára gamlan moldarveg.
>
> Bæjarstjórn Ísafjarðar

## Rauða dreglinum rúllað út



Óskarsverðlaunin voru afhent í 90. skipti við hátíðlega athöfn í Los Angeles í Kaliforníu í nótt. Líkt og vant er var í mörg horn að líta til að allt gæti gengið eins og smurð vél. Starfsmenn voru í óðaönn að rúlla út hinum rauða dregli sem stjörnur kvikmyndaheimsins trödkuðu á á leið sinni inn. Eðli málsins samkvæmt lágu úrslit vestanhafs ekki fyrir þegar blaðið fór í prentun en allt um hátíðina má lesa á frettabladid.is. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

# Ekkert fundað hjá starfshópi í nærri ár

**Samtök atvinnulífsins og Samband íslenskra sveitarfélaga gera athugasemdir við frumvarpsdrög starfshóps umhverfisráðuneytisins sem skilað var fyrir skemmstu. Samtökin telja breytingarnar bjóða hættunni heim og geta haft þau áhrif að stærri framkvæmdir stoppi.**

**STJÓRNSÝSLA** Starfshópur umhverfis- og auðlindaráðherra um endurskoðun á lögum um mat á umhverfisáhrifum fundaði aldrei frá marsmánuði 2017 til febrúar 2018.

Hópurinn var skipaður í apríl 2016 og átti að skila af sér frumvarpi haustið 2016 og átti heildarendurskoðun á lögunum að vera lokið í árslok 2016. Drög að frumvarpinu voru lögð fram í samráðsgátt ríkisstjórnarinnar í lok síðustu viku.

Starfshópurinn var skipaður fulltrúum frá SA, SÍS og tveimur fulltrúum Skipulagsstofnunar. Þá var þar þáverandi framkvæmdastjóri Landverndar og núverandi umhverfisráðherra, Guðmundur Ingi Guðbrandsson. Formaður ráðsins var úr ráðuneytinu.

Hópurinn lauk störfum í ágreiningi og skiluðu fulltrúar SA og SÍS séráliti við breytingarnar.

„Ef vilji hefði verið fyrir af hálfu umhverfis- og auðlindaráðuneytisins hefði mátt nýta þann tíma sem liðinn er mun betur, þannig að fyrir lægi heildstætt frumvarp um heildarendurskoðun laga um mat á umhverfisáhrifum. Þess í stað hyggst ráðherra leggja fram tvö frumvörp um breytingar á lögunum sem bæði fela í sér íþyngjandi breytingar fyrir framkvæmdaraðila og leyfisveitendur,“ segir í séráliti þeirra.

Í frumvörpunum tveimur, sem varða breytingar á lögum um umhverfismat og breytingar á skipulagslögum, eru meðal annars lagðar til breyttar hæfniskröfur við umhverfismat og yfirferð þess. Nýtt ákvæði um undanþágu frá mati kæmi inn í lögin og ítarlegri ákvæði um ákvörðun um matsskyldu framkvæmdar. Þá er þar ákvæði um að birting upplýsinga og ákvarðana skuli vera rafræn.

> Það er auðvelt að sjá fyrir sér að einstakar framkvæmdir festist í endalausu kæruferli.
>
> Samtök atvinnulífsins og Samband íslenskra sveitarfélaga

SA og SÍS óskuðu eftir því að sérálit þeirra myndi fylgja frumvarpsdrögunum í gáttinni en ekki var orðið við því. Því var álitið sent sérstaklega inn sem umsögn við tillögurnar. Kemur þar fram að þau hafi lagt sérstaka áherslu á að athugasemdir og ábendingar vegna hugsanlegra umhverfisáhrifa liggi fyrir eins snemma í ferlinu og unnt er, að ekki verði aukið á óvissu og að framkvæmdaraðilar og fjárfestar viti nokkurn veginn að hverju þeir ganga og hve langan tíma ferlið taki.



**Guðmundur Ingi Guðbrandsson umhverfisráðherra.**

„Ekkert af þessu náðist fram á þessu stigi endurskoðunar laganna. Mikilvægt er að skýr áætlun liggi fyrir sem fyrst um að ljúka heildarendurskoðun laganna,“ segir í umsögninni.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir því að framkvæmdaleyfi muni gilda í þrjú ár í stað tíu áður. SA og SÍS telja það óheppilegt og til þess fallið að tefja mjög fyrir framkvæmdum öllum.

„Það er auðvelt að sjá fyrir sér að einstakar framkvæmdir festist í endalausu kæruferli,“ segir í umsögninni. „Áhrifin verða fyrst og fremst á umfangsmiklar framkvæmdir til dæmis samgönguframkvæmdir, iðjuver, virkjanir, rannsóknarboranir, fiskeldi og einstaka framkvæmdir í ferðaþjónustu. Færa má rök fyrir því að áform ráðuneytisins geti sett allar umfangsmiklar framkvæmdir í uppnám.“

Hægt er að gera athugasemdir við drögin í samráðsgáttinni til 9. mars. **joli@frettabladid.is**


FLOREALIS

## Náttúruleg vörn gegn óþægindum á kynfærasvæði

Rosonia og Liljonia frá Florealis byggja á vísindalegum grunni og hafa viðurkennda virkni gegn kláða, sviða og bólgum á ytra kynfærasvæði og í leggöngum.

Rosonia og Liljonia má nota saman ef einkenni eru bæði á ytri og innri kynfærum.

**Sjá meira á florealis.com**




**Liljonia**
Hylki í leggöng




**Rosonia**
Froða fyrir ytri kynfæri

REYKJAVÍKURSKÁKMÓTIÐ 2018 TILEINKAÐ BOBBY FISCHER



# MEISTARAR Á MEÐAL VOR!

Reykjavíkurskákmótið í ár verður tileinkað manninum sem segja má um með réttu að hafi komið séð og sigrað! Bobby Fischer fæddist í mars 1943 og væri því 75 ára á mótinu, hefði hann lifað. Við vonum að Fischer sé sáttur með umgjörð mótsins því það verður að sjálfsögðu hið glæsilegasta. GAMMA er aðalstyrktaraðili mótsins og tryggir því veglega umgjörð í Hörpu – sem hæfir meisturum.

GAMMA

6.–14. MARS 2018

REYKJAVIKOPEN.COM

REYKJAVÍKUR
SKÁKMÓTIÐ



Edenreiturinn hefur staðið auður frá því að söluskálinn brann sumarið 2011. Gróðurhúsin aftan við standa á Þelamörk 52-54. Fréttablaðið/Pjetur

# Hafna kröfu um að lækka hús á Edenreit enn frekar

**SKIPULAGSMÁL** Eigandi lóðarinnar Þelamerkur 52-54, Lars David Nielsen, krefst þess að Hveragerðisbær annaðhvort lækki fyrirhuguð hús á svokölluðum Edendreit niður í eina hæð eða kaupi af honum hans eign á fullu verði. Bæjarráð hafnar kröfunum.

Eins og áður hefur komið fram eru gróðurhús og garðplöntusala rekin á Þelamörk 52-54 sem er norðan við Edenreitinn. „Ljóst er að ef fjöleignarhús á tveimur hæðum verði byggt við lóðamörkin nokkrum metrum frá gróðurhúsunum verði skuggavarp yfir gróðurhúsin nánast út allt árið,“ segir í bréfi til bæjaryfirvalda frá lögmanni Lars sem vísar til matsgerðar Ráðgjafarstöðvar landbúnaðarins.

Lögmaðurinn segir augljóst að fyrirhugaðar byggingar muni valda Lars gríðarlegu tjóni. „Framkvæmdirnar myndu nánast eyðileggja framtíðarmöguleika lóðar hans og því er grenndarréttur ekki virtur,“ er fullyrt í bréfinu.

> **Framkvæmdirnar myndu nánast eyðileggja framtíðarmöguleika lóðar hans.**
>
> Lögmaður Lars Davids Nielsen

Bæjarráð segist nú þegar hafa komið til móts við fyrri athugasemdir Lars með lækkun húsa úr þremur hæðum í tvær og úr tveimur hæðum í eina. „Með því er talið að skuggavarp á nærliggjandi lóðir verði óverulegt og hafi lítil áhrif á rekstur,“ bókar bæjarráðið. Vitnað er til þess að í greinargerð með deiliskipulagi Edenreitsins komi fram að skuggavarp sé óverulegt nema í mars klukkan 17.00 og að skuggavarp í júní sé vart sjáanlegt.

Lögmaður Lars segir hins vegar í bréfinu að bærinn hafi ekki kannað skuggavarpið sérstaklega. „Virðist sem bærinn fullyrði út í loftið hvað það varðar,“ segir hann.

Bæjarráðið bendir á að skipulag hafi verið samþykkt og framkvæmdir séu við það að hefjast. „Bæjarráð telur ekki að bygging tveggja hæða húsa sem eru sambærileg að hæð við önnur hús í hverfinu hafi skaðleg áhrif á rekstur stöðvarinnar og að sambýli atvinnurekstrar og íbúða geti verið áfram eins og verið hefur.“

Kæru Lars vegna málsins var vísað frá úrkurðarnefnd umhverfis- og auðlindmála þar sem kærufresturinn var úti. **– gar**

# Enn skelfur Papúa Nýja-Gínea

**PAPÚA NÝJA-GÍNEA** Jarðskjálfti, 6,0 að styrk, reið yfir Papúa Nýju-Gíneu árla mánudags að staðartíma. Upptök skjálftans voru á tíu kílómetra dýpi í miðju landinu rúma 600 kílómetra norðvestur af höfuðborginni, Port Moresby.

Vika er frá því að annar skjálfti, 7,5 að styrk, skók landið með þeim afleiðingum að skriður féllu víðsvegar um landið. Neyðarástand ríkir í landinu vegna skjálftans en tugir týndu lífi og fjölda er saknað.

Um 150 þúsund manns voru á vergangi eftir fyrri skjálftann en skriður og ónýtir vegir hafa gert viðbragðsaðilum erfitt um vik að koma neyðaraðstoð til þeirra sem hana þurfa. Óttast er að hinn nýi skjálfti hafi bætt gráu ofan á svart. **– jóe**

# Hótelstjóri segir lögum breytt eftir séróskalista

## Hjón í Fossatúni við Grímsá segja veiðifélag árinnar hafa stundað „svarta atvinnustarfsemi“ með sölu gistingar í veiðihúsinu. Þau gagnrýna Alþingi fyrir lagabreytingu til að þóknast veiðifélaginu eftir að það tapaði máli í Hæstarétti.

**DÓMSMÁL** Steinar Berg Ísleifsson og Ingibjörg Pálsdóttir, sem reka hótel á jörð sinni Fossatúni við Grímsá í Borgarfirði, segja Alþingi hafa stuðst við sjónarmið sem Hæstiréttur hafi áður hafnað er lögum um veiðifélög var breytt.

Á vefsíðu sinni segja Steinar og Ingibjörg að sé sértækum hagsmunum framfylgt af „valinkunnum“ einstaklingum eða hagsmunasamtökum geti þeir farið í gegnum stjórnsýsluna og Alþingi og orðið að lögum.

„Af hverju, Sigurður Ingi, útilokaðir þú sjónarmið og þekkingu okkar við vinnu lagagerðarinnar í ráðuneyti þínu þegar þú varst í raun að undirbúa lög til höfuðs okkur ábúendum í Fossatúni?“ spyrja Steinar og Ingibjörg í opnu bréfi til Katrínar Jakobsdóttur forsætisráðherra, Bjarna Benediktssonar fjármálaráðherra og Sigurðar Inga Jóhannessonar, áður landbúnaðarráðherra og nú samgönguráðherra



Steinar Berg Ísleifsson og Ingibjörg Pálsdóttir í Fossatúni telja sig hafa orðið af milljónaviðskiptum vegna sölu Veiðifélags Grímsár og Tunguár á gistingu.

Steinar og Ingibjörg keyptu Fossatún á árinu 2001. Með fylgja veiðiréttindi í Grímsá og þar með skylduaðild að Veiðifélagi Grímsár og Tunguár. Á vefsíðu þeirra sveitasögur.is segir að skömmu áður en þau hófu rekstur ferðaþjónustu í Fossatúni árið 2005 hafi stjórn veiðifélagsins ákveðið að leigja veiðihúsið að Fossási út sem sveitahótel utan laxveiðitímans.

„Okkur ábúendum í Fossatúni þótti sérkennilegt að standa í samkeppni við veiðifélagið og svarta atvinnustarfsemi í skjóli þess,“ segir á vefsíðunni. Þau hafi leitað réttar síns og Hæstiréttur dæmt að veiðifélaginu væri óheimilt að leigja veiðihúsið út til samkeppnislegrar starfsemi utan veiðitíma án samþykkis allra félagsmanna.

„Skömmu eftir dóminn gekk formaður Landssambands veiðifélaga á fund sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra og fullyrti að Hæstiréttur hefði komist að rangri niðurstöðu og að það þyrfti að uppfæra lögin. Honum var falið að vinna að lagabreytingu ásamt starfsmönnum ráðuneytisins,“ rekja hjónin. Helsta stuðningsgagn lagabreytingarinnar hafi verið álitsgerð sem Lagastofnun Háskóla Íslands vann og Landssamband veiðifélaga greiddi fyrir í tengslum við ágreining ábúenda Fossatúns og veiðifélagsins.

> **Við hjón höfum og liðið fyrir þetta fjárhagslega og félagslega.**
>
> Steinar Berg Ísleifsson og Ingibjörg Pálsdóttir í Fossatúni

„Hæstiréttur hafnaði niðurstöðu álitsgerðarinnar og því hlýtur það að teljast óeðlilegt og öfugsnúið að hún sé síðan helsta stoð Alþingis fyrir lagabreytingunni,“ segir á síðu Steinars og Ingibjargar. Komin sé ný skilgreining á hlutverki veiðifélaga. „Við bætist markmið um að taka þátt í almennum hótel- og veitingarekstri til að hámarka arðsemi. Spurning hvort hægt sé að skylda fólk til þátttöku í slíku félagi með lögum og víkja þannig til hliðar félagafrelsi stjórnarskrárinnar?“

Hjónin segjast ítrekað hafa leitað til ráðuneytisins sem vann lögin og til stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar Alþingis og beðið um fundi. „Því miður hafa bæði ráðuneytið og stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd sniðgengið þær óskir eða hafnað þeim,“ segja þau.

Í opna bréfinu segja hjónin að lagabreytingin sé andstæð stjórnarskrá. „Eða teljið þið að hægt sé að skylda fólk til að vera í félagi sem hefur það að markmiði að standa í eignaumsýslu og hámarka arðsemi félagsmanna?“ spyrja þau ráðherrana. „Af hverju samþykktuð þið, Katrín og Bjarni, þessi illa ígrunduðu lög 30. júní 2015? Réð sannfæring ykkar því eða meðvirkni?“

Ennfremur segja þau eina forsendu lagabreytingarinnar hafa verið að hún hefði aðeins áhrif á veiðifélög. „Það er firra. Spyrjið Samtök ferðaþjónustunnar! Við hjón höfum og liðið fyrir þetta fjárhagslega og félagslega.“

Steinar kveðst hafa dreift bæklingum um málið til alþingismanna. Hann kveðst bjartsýnn á jákvæðar undirtektir. „Það hlýtur að vera tilefni til þess að ræða málin,“ segir vertinn í Fossatúni við Fréttablaðið.

**gar@frettabladid.is**




– GÓÐIR HÁLSAR –
NÚ ER LAG
Brandenburg | SÍA
Um 200 íslenskir karlmenn greinast árlega með krabbamein í blöðruhálskirtli. Með því að kaupa Mottumarssokkana leggur þú baráttunni gegn krabbameini í blöðruhálskirtli lið.
Pantaðu þitt par í vefverslun okkar á mottumars.is
Krabbameinsfélagið
#mottumars
Síðan 2008
MOTTUMARS

# Merkel komin á grænt ljós


Angela Merkel.

**ÞÝSKALAND** Þýskir Sósíaldemókratar samþykktu um helgina áframhaldandi stjórnarsamstarf við Kristilega demókrata. Fjórða kjörtímabil Angelu Merkel sem kanslari landsins er því formlega hafið.

Stjórnarkreppa hefur verið í Þýskalandi frá þingkosningunum í október. Eftir lélega kosningu sögðu Sósíaldemókratar að þeir hygðu ekki á frekara stjórnarsamstarf. Eftir að allar aðrar mögulegar stjórnarsamsetningar gengu ekki upp sömdu flokkarnir á nýjan leik.

Tveir þriðju flokksmanna kusu með stjórnarsamstarfinu. Ég held að það sé gott fyrir land okkar að þetta tímabil óvissu sé loks á enda,“ sagði Frank-Walter Steinmann, forseti Þýskalands. **– jóe**


Jóhann Ólafsson & Co

LED lausnir frá siteco

Lýsing fyrir götur, göngustíga og bílastæði.

Ráðgjöf og nánari upplýsingar má fá hjá sölumönnum.



Smart City lausnir

Jóhann Ólafsson & Co.
Krókháls 3, 110 Reykjavík
533 1900
sala@olafsson.is

OSRAM


# Tafir á kjörstöðum á Ítalíu vegna mistaka

**Ítalir kusu sér nýtt þing í gær. Mistök við framkvæmd kosninganna þýddu að margir þurftu að bíða lengi til að greiða atkvæði. Óvissan er umtalsverð en niðurstöður kosninganna gætu haft mikil áhrif á framtíð Evrópusambandsins.**

**ÍTALÍA** Ógurlega langar raðir mynduðust við kjörstaði víðsvegar á Ítalíu í gær eftir að prenta þurfti tugþúsundir kjörseðla á nýjan leik sökum galla á þeim eldri.

Dæmi voru um að kjósendur þyrftu að bíða í rúma klukkustund til að greiða atkvæði. Í ofanálag var verið að prófa nýtt kosningakerfi sem skóp enn meiri glundroða. Skoðanakannanir í aðdraganda kosninganna benda til þess að erfitt gæti reynst að mynda ríkisstjórn.

Kosið var í gær um 630 þingmenn í fulltrúadeild ítalska þingsins og 315 öldungadeildarþingmenn. Þegar fjórar klukkustundir voru til lokunar kjörstaða, klukkan 19 í gær, var tæp 58 prósent.

Flest bendir til þess að Fimmstjörnuhreyfingin verði stærsti einstaki flokkurinn að kosningu lokinni. Flokkurinn var stofnaður árið 2009 í kjölfar kreppunnar. Aðdáendur kerfisins vonast til þess að flokkurinn hljóti ekki góða kosningu en Fimmstjarnan berst fyrir auknu beinu lýðræði, verndun umhverfisins og hefur efasemdir um samstarf við Evrópu.

Sviðsljóssségullinn og forsætisráðherrann fyrrverandi Silvio Berlusconi birtist á ný á hinu pólitíska sviði fyrir kosningarnar nú. Berlusconi sjálfur má ekki gegna opinberu embætti fyrr en árið 2019 vegna dóms sem hann hlaut í skattsvikamáli árið 2013. Flokkur hans, Forza Italia, er í slagtogi við aðra hægrisinnaða flokka í landinu en þeirra á meðal er flokkurinn Lega.

Matteo Salvini, formaður flokksins, er talinn líklegt forsætisráðherraefni hljóti hægri blokkin góða kosningu. Skoðanakannanir benda til þess að hún sé sú eina sem á raunhæfan möguleika á meirihluta.


**Mattero Salvini, formaður Lega, við kjörkassann.** FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

**67,5%**

**kjósenda höfðu greitt atkvæði þegar kjörstöðum var lokað klukkan 23.00 í gær.**

Bæði Salvini og Luigi Di Maio, formaður Fimmstjörnuhreyfingarinnar, hafa sagt að það komi ekki til greina að starfa saman í ríkisstjórn. Sú afstaða gæti þó breyst þegar atkvæði hafa verið talin.

Síðasta blokkin samanstendur af mið- og vinstri flokkum þar sem Lýðræðisflokkurinn er í brennidepli. Flokkurinn er hjarta sitjandi ríkisstjórnar en fylgi við hann hefur dalað undanfarið. Paolo Gentiloni hefur gegnt embætti forsætisráðherra frá 2016 eftir að Matteo Renzi, formanni flokksins og þá forsætisráðherra, mistókst að koma stjórnarskrárbreytingum í gegn.

Allt frá því að stjórn fasista leið undir lok eftir seinna stríð hefur stjórnmálaástand á Ítalíu verið afar óstöðugt. Frá stríðslokum hafa 65 ríkisstjórnir setið í landinu.

Forystumenn Evrópusambandsins halda í vonina um að flokkar hlynntir Evrópusamstarfi verði hlutskarpastir í kosningunum. Ella gæti það ýtt enn frekar undir óvissuna sem blasir við því.

Kjörstöðum á Ítalíu var lokað klukkan 23 í gærkvöld að staðartíma. Útgönguspár lágu ekki fyrir þegar Fréttablaðið fór í prentun.
**joli@frettabladid.is**


**Eyjarnar Tiran og Sanafir eru í mikilvægri siglingaleið.** FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

# Egypskar eyjar endanlega framseldar Sádi-Aröbum

**EGYPTALAND** Hæstiréttur Egyptalands hefur staðfest að eyjarnar Tiran og Sanafir séu innan lögsögu Sádi-Arabíu en ekki Egyptalands. Lægra settir dómar landsins höfðu komist að sinni niðurstöðunni hvor.

Árið 2016, á meðan Salman Bin Abdulaziz Al Saud, konungur Sádi-Arabíu, var í opinberri heimsókn í Egyptalandi, var tilkynnt um yfirfærsluna á landsvæðinu. Við skoðun á landhelgis- og lögsögumálum ríkjanna kom í ljós að eyjarnar tvær ættu í raun að tilheyra Sádi-Aröbum. Samtímis var tilkynnt að Sádi-Arabar hygðust fjárfesta fyrir milljarða dollara í Egyptalandi og að Egyptum stæði til boða lán á hagstæðum kjörum.

Andstæðingar gjörningsins töldu að samkomulagið væri í andstöðu við stjórnarskrá landsins en þar stendur meðal annars að óheimilt sé með öllu að selja egypskt landsvæði til annarra ríkja. Egypska þingið ræddi málið síðasta sumar og staðfesti samkomulagið. Hæstiréttur landsins taldi að eins og málum væri háttað þá stæðist málið stjórnarskrá og það væri þingsins að veita því samþykki eða synjun.

**» Eyjarnar Tiran og Sanafir, sem eru óbyggðar, eru norðarlega í Rauðahafi við mynni Aqaba-flóa.**

Eyjarnar tvær, sem eru óbyggðar, eru norðarlega í Rauðahafi við mynni Aqaba-flóa. Þær liggja í siglingaleið sem er afar mikilvæg bæði Jórdönum og Ísraelum. **– jóe**




考

# HUGSANLEGA BESTU KAUPIN




Outlander Invite PHEV
4x4, sjálfskiptur, frá:
**4.540.000 kr.**

## Nú fylgir þjónustuskoðun í tvö ár með nýjum Outlander PHEV

**Mitsubishi Outlander PHEV** hefur slegið rækilega í gegn hjá þjóðinni og varð vinsælasti bíllinn í flokki jeppa og jepplinga árið 2017. Í krafti vinsældanna á 100 ára afmælisári Mitsubishi getum við áfram boðið frábær kjör á þessum magnaða bíl. Hann er ríkulega útbúinn með 5 ára ábyrgð og 8 ára ábyrgð á rafhlöðu. Þú getur tryggt þína ábyrgð hjá viðurkenndum þjónustuaðila, því nú fylgir þjónustuskoðun í tvö ár með í kaupunum* á nýjum Outlander PHEV frá HEKLU. Nú er tækifærið til að skipta yfir í vistvænan bíl. Hlökkum til að sjá þig!

FIMM ÁRA ÁBYRGÐ HJÁ HEKLU 5

**Outlander Invite PHEV**

- Margmiðlunartæki með skjá
- Leðurklætt aðgerðastýri fyrir útvarp, hraðastilli og Bluetooth
- USB tengi
- 6 hátalarar
- DAB+ (Digital Audio) útvarpstæki
- LED dagljós
- Regn- og ljósaskynjarar
- Rafdrifnar rúður
- Þokuljós að framan
- Hæðarstillanlegt bílstjórasæti
- 7 SRS loftpúðar
- ASTC spólvörn
- Brekkuaðstoð (Hill Start Assist)
- Rafmagnshandbremsa með sjálfvirkri biðstöðu
- Aflendurheimt á hemlum fyrir rafmótor
- AVAS hljóðviðvörunarkerfi
- Bakkmyndavél
- Samlitir, aðfellanlegir rafstillanlegir og upphitaðir hliðarspeglar
- 18" álfelgur 225/55 R18
- App tenging til að forhita bíl og stýra hleðslu
- Lyklalaus ræsing
- Skyggðar afturrúður
- Hiti í sætum
- Hraðastillir
- Tvískipt miðstöð með forhitara

MITSUBISHI MOTORS

FYRIR HUGSANDI FÓLK

*Nánari upplýsingar um þjónustuskoðun HEKLU má finna á hekla.is. Verð, tilboðsverð og búnaður eru háð gengi erlendra gjaldmiðla á hverjum tíma og geta því breyst án fyrirvara.

**HEKLA** · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · Sími 590 5000 · hekla.is
Umboðsmenn um land allt: Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílás Akranesi · HEKLA Reykjanesbæ

# Foreldralæsi



Kolbrún Bergþórsdóttir
kolbrunb@frettabladid.is

Mikil umræða hefur verið undanfarið um nauðsyn þess að efla læsi og lesskilning meðal íslenskra barna, enda leitt til þess að vita að Ísland sé neðst Norðurlanda í lesskilningi. Guðmundur Andri Thorsson, rithöfundur og þingmaður Samfylkingar, benti á nokkrar leiðir til úrbóta í ágætri þingræðu á dögunum. Hann sagði meðal annars að stórefla þyrfti bókaútgáfu í landinu, og þá sérstaklega barnabókaútgáfu, hætta ætti skattlagningu á bækur og efla sjóði sem barnabókahöfundar geta leita í. Það er ástæða til að kinka kolli yfir öllum þessum tillögum og það hefur þingheimur allur örugglega einnig gert. Svona á svipaðan hátt og stjórnmálamenn gerðu fyrir kosningar þegar þeir hétu því að að fella hið snarasta niður virðisaukaskatt á bækur kæmust þeir til valda. Þar var mikill hallelújakór á ferð. Enn hefur virðisaukaskatturinn ekki verið felldur niður. Ráðamenn vinna of oft á hraða snigilsins.

Menntamálaráðherra, Lilja Alfreðsdóttir, segir það vera risavaxið samfélagslegt verkefni að snúa vondri þróun við og þar verði allir sem komi að mótun menntastefnu í landinu að vinna saman. Rétt er það en ekki má gleyma hlut foreldra, ábyrgðin liggur líka hjá þeim.

Við lifum í samtíma þar sem flestir eru orðnir háðir símanum sínum. Fólk kemst nálægt því að fyllast aðskilnaðarkvíða sé síminn fjarri. Það er nánast sannfært um að það sé að missa af einhverju hafi það ekki þennan þarfasta þjón sinn með sér hvert sem það fer. Flest börn sjá foreldra sína örugglega oftar grúfa sig yfir símann fremur en sitja með bók í hendi. Það er ekkert undarlegt þótt börnin verði snemma háð símanum sínum og skilji ekki við hann nema þegar þau eru svifin inn í draumalandið.

Þegar kemur að bóklestri þarf einfaldlega að byrja heima. Foreldrar eiga ekki að yppta öxlum og láta skólakerfið alfarið axla ábyrgðina á því að börn þeirra lesi bækur. Það er foreldra og forráðamanna að skoða bækur með börnum, lesa fyrir þau og hvetja þau til lesturs. Börn eiga að sjá bækur á heimili sínu, bækur sem eru lesnar, og í skólanum eiga þau að eiga athvarf á skólabókasöfnum þar sem eru „ilmandi bækur“ svo vitnað sé orðrétt í Guðmund Andra.

Þessa dagana hafa foreldrar ágæta ástæðu til að halda með börn sín á fund bókanna. Nú stendur yfir hinn árlegi bókamarkaður Félags íslenskra bókaútgefenda og þar blasa við bækur hvert sem litið er. Fjölmargir Íslendingar sem komnir eru til vits og ára muna eftir því að hafa farið þangað sem börn með foreldrum sínum og fengið að velja sér bækur. Þar var hægt að eignast varanlega fjársjóði fyrir lítinn pening. Það er enn svo.

Enginn ætti að efast um mikilvægi þess að börn geti lesið sér bæði til gagns og yndis. Lestur góðra bóka eflir samkennd, eykur víðsýni og ýtir undir ímyndunaraflið. Viðurkennum fagnandi að bóklestur er þroskandi og leggjum okkar af mörkum til að gera veg bókanna sem mestan. Bækur eiga að vera hluti af daglegu lífi okkar.

**Þegar kemur að bóklestri þarf einfaldlega að byrja heima.**




## Halldór




## Frá degi til dags

**Festan í íslenskri pólitík**

**Þær fagnaðarfréttir bárust nú fyrir skemmstu að Alþýðufylkingin ætli að bjóða fram lista í komandi borgarstjórnarkosningum. Flokkurinn er nýorðinn fimm ára og hefur boðið sig fram í hverjum þingkosningum síðan þá auk borgarstjórnarkosninganna fyrir fjórum árum. Fylgi flokksins hefur alla tíð verið nokkuð stöðugt í kringum hálft prósent atkvæða. Þorvaldur Þorvaldsson, formaður flokksins, vekur alltaf athygli þegar hann kemur fram enda framkoma hans og fas liflegt. Þeir sem óttuðust að ládeyða myndi ríkja í baráttunni um borgina geta nú gleymt því.**

**Samkeppnin**

**Sérstaklega áhugavert verður að fylgjast með baráttu Sósíalistaflokks Gunnars Smára Egilssonar og Alþýðufylkingarinnar. Báðar fylkingar eiga rætur í sömu hugmyndum og má leiða að því líkur að flokkarnir muni koma til með að berjast kröftuglega um fylgið. Kom það skýrt fram í nýlegri samþykkt Alþýðufylkingarinnar en nokkrir flokksmenn hafa rennt hýru auga til Sósíalista. Þeir munu nú þurfa að ákveða hvorum megin þeir ætla að starfa. Á kosninganótt verður síðan spennandi að sjá hvort flokkarnir tveir muni deila fylginu bróðurlega á milli sín að sovéskum sið.**

**joli@frettabladid.is**

# Einangrun karla með krabbamein



Dr. Ásgeir R. Helgason
fræðslufulltrúi Krabbameinsfélagsins

Einn af hverjum 5 karlmönnum yfir 50 ára aldri er tilfinningalega einangraður og yfirgnæfandi meirihluti hinna, sem hafa einhvern til að deila erfiðum tilfinningum með, deilir þeim aðeins með maka sínum. Séu karlmenn ekki í föstu sambandi eru 70% þeirra algerlega tilfinningalega einangraðir. Rannsóknir sýna að þessar tölur gilda um karlmenn almennt, einnig þá sem glíma við krabbamein.

Karlar með krabbamein nýta síður en konur þann sálfélagslega stuðning sem býðst á sjúkrastofnunum. Þeir treysta aðallega á þann stuðning sem þeir fá frá maka sínum þegar þeir standa frammi fyrir erfiðleikum eða eru undir álagi. Það getur valdið viðbótarálagi hjá makanum, sem þarf bæði að styðja karlinn og glíma við eigin áhyggjur.

Á síðari árum hafa rannsóknir sýnt að námskeið virðast höfða betur til karlmanna en tilboð um stuðning. Framsetning skiptir máli. Klínísk reynsla sýnir hins vegar að karlmenn sem taka þátt í slíkum námskeiðum taka sálfélagslegum stuðningi vel. Þá skiptir meginmáli að fagaðilinn hafi lag á því að bjóða upp á slíkt samtal, án þess að þröngva því upp á viðkomandi eða ganga of nærri honum.

Eitt af verkefnum Mottumarsátaksins í ár er að þróa karlagátt, vefsíðuna „Karlaklefann“ sem mætir þörfum karla á karllægan hátt. Þar verður meðal annars aðgangur að fræðsluefni fyrir karla, greiningarpróf varðandi ákvörðunartöku um skimun og meðferð við krabbameini í blöðruhálskirtli og vettvangur til að kynna starfsemi hópa. Þar verður einnig hægt að bóka tíma á námskeið og í ráðgjöf hjá fagfólki Krabbameinsfélagsins auk upplýsinga um einkenni, meðferðir og afleiðingar þeirra, um réttindamál og aðferðir sem reynst hafa vel.

Með því að kaupa Mottumarssokka til styrktar átakinu sýnir þú körlum stuðning í verki og stuðlar að því að Karlaklefinn verði opnaður sem fyrst og veiti karlmönnum upplýsingar og fræðslu um krabbamein sem sérsniðin er að þeirra þörfum.

**Eitt af verkefnum Mottumarsátaksins í ár er að þróa karlagátt, vefsíðuna „Karlaklefann“, sem mætir þörfum karla á karllægan hátt.**

FRÉTTABLAÐIÐ
**ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR:** Einar Þór Sverrisson **FORSTJÓRI:** Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir **ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is*
**AÐSTOÐARRITSTJÓRAR:** Kjartan Hreinn Njálssson *kjartanh@frettabladid.is*, Ólöf Skaftadóttir *olof@frettabladid.is*, Sunna Karen Sigurþórsdóttir *sunnak@frettabladid.is.*
Sími 824 9096 dadi@eignamidlun.is

## LAUTARVEGUR 16, TVÆR SÉRHÆÐIR
## 103 REYKJAVÍK

**108,9 m² OG 229,9 m²**
**76,5 MILLJ. OG 106,9 MILLJ..**







Vorum að fá í sölu tvær fulllbúnar sérhæðir án gólfefna í litlu fjölbýlishúsi við Lautarveg í Fossvogi. Önnur íbúðin er 108,9 fm 3ja herb. og hin 229,9 fm 5 herb. Íbúðirnar eru með tveimur baðherbergjum með hita í gólfi, tvennum svölum eða sérafnotareitum. Stærri íbúðin er með bílskúr. Allar innréttingar eru sérsmíðaðar frá Brúnás, innfeld lýsing og eldhústæki frá Miele. Afhending er við kaupsamning.

**NÁNARI UPPLÝSINGAR**
**Daði Hafþórsson**
löggiltur fasteignasali
Sími 824 9096 dadi@eignamidlun.is

## LÆKJASMÁRI 2
## 200 KÓPAVOGUR

**111,0 m²**
**47,9 MILLJ.**



**OPIÐ HÚS**
þriðjudaginn 6. mars
milli 17:00 og 17:30.

4ra herbergja 111,0 fm 4 herb. íbúð á 3. hæð í mjög góðu frábærlega vel staðsettu lyftuhúsi í Kópavogi. Þrjú svefnherbergi, sér þvottahús. Góðar suðvestursvalir. Í næsta nágrenni er mikil þjónusta m.a verslanir, heilsugæsla, íþróttahús, skólar og leikskólar auk náttúruparadísar í dalnum með góðum gönguleiðum.



**NÁNARI UPPLÝSINGAR**
**G. Andri Guðlaugsson**
Lögfræðingur, löggiltur fasteignasali
andri@eignamidlun.is Sími 662 2705

## VOGATUNGA 35
## 200 KÓPAVOGUR

**122,3 m²**
**55,0 MILLJ.**



**OPIÐ HÚS**
mánud. 5. mars.
kl. 17:00 – 17:30

Fallegt 122,3 fm 3ja herbergja parhús með bílskúr innst inn í botnlanga við Vogatungu í Kópavogi. Hellulagt bílaplan og gangstétt með snjóbræðslu. Falleg lóð með verönd til suðurs og vesturs. Húsið er ætlað fyrir 60 ára og eldri.



**NÁNARI UPPLÝSINGAR**
**Hreiðar L. Guðmundsson**
Nemi til löggildingar fast.sala
Sími 661 6021

**Kjartan Hallgeirson**
löggiltur fasteignasali

# FRÁBÆRT TÆKIFÆRI Í FERÐAÞJÓNUSTU






## Hraunborgir

**Til sölu ferðaþjónustuaðstaðan í Hraunborgum. Um er að ræða þjónustumiðstöð með sundlaug og tjaldsvæði, níu sumarhús og 10 hektara leigulóð með miklum möguleikum á aukinni nýtingu og frekari uppbyggingu fyrir ferðaþjónustu.**

Svæðið er vel staðsett við Gullna hringinn og býður því upp á góða möguleika tengda ferðaþjónustu. Á svæðinu er m.a. þjónustumiðstöð, sundlaug, mini golfvöllur, tjaldsvæði, salerni og leikvöllur.

| Þjónustumiðstöð | Sumarhús |
|---|---|
| Félagsaðstaða | Alls 9 hús - hvert um sig 41 fm |
| Sundlaug og heitir pottar | Öll með heitum potti |
| Gufubað | Rafmagn og hiti í öllum húsunum |
| Samtals um 409 fm | |

**Óskað er eftir tilboðum í eignina.**





NÁNARI UPPLÝSINGAR

**Guðlaugur I. Guðlaugsson**
löggiltur fasteignasali
gudlaugur@eignamidlun.is
Sími 864 5464



**FOLD FASTEIGNASALA**

*Sóltún 20 • Sími: 552 1400*
*www.fold.is • fold@fold.is*



**Viðar Böðvarsson**
viðskiptafr. og lögg. fast.
vidar@fold.is / 694-1401
**Gústaf Adolf Björnsson**
íþróttafræðingur og lögg.fast
gustaf@fold.is / 895-7205
**Kristín Pétursdóttir**
lögg. fast.
kristin@fold.is / 8241965

**Rakel Viðarsdóttir**
viðskiptalögfr. og í löggildingarnámi
rakel@fold.is / 699-0044
**Einar Marteinsson**
í löggildingarnámi
einarm@fold.is / 893-9132
**Anna Ólafía Guðnadóttir**
íslenskufræðingur

## Miðbraut 23 170 Seltjarnarnes
**OPIÐ HÚS MÁN. 5. MARS KL. 16:30-17:00**




Vönduð og mikið endurnýjuð 3ja herb. íbúð. Síðastliðið sumar var ytra byrði hússins tekið í gegn fyrir um 11.500.000- . Skipt var um glugga þar sem þurfti. Múrviðgerðir og húsið allt málað að sögn seljanda. Íbúðin skiptist í: Tvö svefnh., baðh., stofu og eldhús. Sérgeymsla er í sameign, ekki skráð inn í fm fjölda íbúðarinnar. Stórar svalir með frábæru sjávarútsýni. **Opið hús mán. 5. mars frá 16:30-17:00, verið velkomin.**

## Kleppsvegur 62, 104 Rvk., eldri borgarar.
**OPIÐ HÚS ÞRI. 6. MARS KL. 16:30-17:00**




Björt og falleg íbúð á 6. hæð (íbúð 604) í fjölbýlishúsi fyrir 60 ára og eldri. Íbúðin skiptist í stofu og borðstofu, opið eldhús, svefnherb. með skápum, baðherbegi auk þvottah. innan íbúðar. Göngustígur yfir á Hrafnistu og mögulegt að nýta fjölbreytilega þjónustu sem þar er í boði.

**Opið hús þriðjudaginn 6. mars kl. 16:30-17:00, verið velkomin.**

## Leifsgata 3, 101 Rvk.
**OPIÐ HÚS ÞRI. 6. MARS KL. 16:30-17:00**




Björt og falleg , vel skipulögð 3ja herbergja íbúð á þriðju hæð ásamt aukaherb. í kjallara sem hentar vel til útleigu, samtals 100,4 fm.

Parket og flísar á gólfum.

Íbúðin er staðsett á frábærum stað í miðbænum, stutt í sund, skóla og alla þjónustu.

**Opið hús þriðjudaginn 6. mars frá kl. 16:30-17, verið velkomin.**

## Blikahólar 8, 111 Rvk.,
**OPIÐ HÚS MIÐ. 7. MARS KL. 17:00-17:30**




Glæsileg, mikið endurnýjuð 5 herb. 125,6 fm íbúð ásamt 37,9 fm innbyggðum bílskúr, í góðri blokk við Blikahóla. samtals 163,5 fm. Fjögur svefnherbergi. Parket og flísar á gólfum. Nýleg eldhúsinnrétting. Uppgert baðherbegi með tengi fyrir þvottavél og þurrkara. Svalir í suður með miklu útsýni. **Verð 49 millj.**

**Opið hús miðvikudag 7.mars frá kl. 17-17:30, verið velkomin**

## Valhúsabraut 13, 170 Seltj.,
**SÉRHÆÐ ÁSAMT BÍLSKÚR.**



Björt og rúmgóð miðhæð á frábærum útsýnisstað á Seltjarnarnarnesi.

Íbúðin er skráð 120,5 fm. en auk þess fylgir gróðurhús og bílskúr, þannig að heildareignin er skráð 176,6 fm. Undir bílskúrnum er rúmgott óskráð rými sem nýtist sem geymsla eða tómstundarými. Hæðin er mjög vel skipulögð og með góðum svölum en þarfnast endurbóta.

## Sóltún 9, 105 Rvk.,
**STÓRGLÆSILEG ÞAKÍBÚÐ/PENTHOUSE + BÍLAG.**




Stórglæsileg 215 fm þakíbúð/penthouse ásamt stæði í bílageymslu. Vandaðar innréttingar sem og gólfefni. Stórar stofur. Gott innra skipulag. Tvö baðherbergi. Granít í borðplötu og sólbekkjum. Kringum íbúðina eru svalir með heitum potti og glæsilegu útsýni. Eina íbúðin á hæðinni. Þetta er sérlega vönduð íbúð á góðum stað.

**Verð 109 millj.**

## Ásgarður 10, 108 Rvk,
**2JA HERB. M/SÉRINNGANGI OG SÉRVERÖND**




Góð 2ja herbergja íbúð á jarðhæð m/sérinngangi í tvíbýlisraðhúsi á frábærum stað.

Að sunnanverðu er skjólgóð hellulögð verönd og gengt frá henni í sameiginlegan garð. Rúmgott eldhús, frábær staður.

**Verð 30,5 millj.**

## Laugarnesvegur, 2.hæð,
**2JA HERB.**




Laugarnesvegur - 2. hæð. Góð tveggja herbergja ca. 48. fm íbúð í litlu fjölbýlishúsi.

Íbúðin skiptist í svefnherbergi, stofu, eldhús og baðherbegri m. baðkari, svalir frá stofu í suðaustur.

Mjög góð fyrstu kaup eða sem fjárfesting til útleigu.

**Verð 26,9 millj.**

## Óskum eftir

**Íbúðareigendur / leigusalar**

**Óskum efir íbúðum til leigu og kaups í öllum hverfum Reykjavíkur fyrir opinberan aðila**

**Traustar greiðslur, langur leigutími.**

**Nánari upplýsingar á skrifstofu.**

## Hvað kostar eignin mín?
**Kíktu á www.fold.is – eða hafðu samband í síma 552 1400 / 694 1401**

## *Þú finnur okkur á fold.is*

## Fyrsti áfangi



**Jaðarleiti 2–6** **103 Reykjavík**

## Næst á dagskrá:

# Nýjar íbúðir í Jaðarleiti með útsýni í háskerpu

Fallegar íbúðir í Jaðarleiti 2–6, á eftirsóttum og veðursælum stað í 103 Reykjavík. Úr flestum íbúðanna er fallegt útsýni þar sem gluggar ná niður í gólf í björtum og rúmgóðum stofurýmum. Hönnun er öll hin glæsilegasta og byggingarefni valið af kostgæfni með íslenskar veðuraðstæður að leiðarljósi. Íbúðirnar eru flestar á bilinu 60–100 $m^2$, 2–3 herbergja. Lyftur í öllum stigahúsum, bílageymslur neðanjarðar og bílastæði milli húsa. Áætlað er að íbúðir í Jaðarleiti verði tilbúnar til afhendingar sumarið 2018.

**Nánari upplýsingar í síma 519 5500, á heimasíðu Fastborg.is og á skrifstofutíma í Síðumúla 23.**

**Sýnum samdægurs glæsilegar íbúðir við Jaðarleiti í Reykjavik**

**AÐEINS 12 ÍBÚÐIR EFTIR**

**BORG**
FASTEIGNASALA



# Viltu fjárfesta á vaxtarsvæði?



**GRÆNÁSBRAUT 720**

Stærð: 4316 m²

Byggt: 1972

Tegund: Atvinnuhúsnæði

Fasteignamat: 196.400.000 kr.

Opið hús 7. og 14. mars frá kl. 13-14. Tilboð óskast eigi síðar en kl. 11, þriðjudaginn 20. mars í lokuðu umslagi. Eignin hýsti áður matvöruverslun varnarliðsins og skiptist í tvær vöruskemmur, 1873 m² og 1944 m² að stærð auk 373 m² tengibyggingar. **Nánari upplýsingar á kadeco.is**

Á innan við áratug hefur byggst upp á Ásbrú, fyrrum varnarsvæðinu við Keflavíkurflugvöll, þróttmikið og litríkt samfélag með öfluga menntastofnun, fjölda spennandi fyrirtækja, gróskumikla nýsköpun og blómstrandi mannlíf. Hröð uppbygging í gagnaveraiðnaði og örþörungarækt, ásamt nálægð við Keflavíkurflugvöll gera Ásbrú að sönnu vaxtarsvæði til framtíðar.

Pipar\TBWA \ SÍA \ 174921

Kadeco®

Þróunarfélag Keflavíkurflugvallar | Sími 425 2100 | www.kadeco.is




# Opið hús



**Þriðjudaginn 6. mars milli kl. 17:30 og 18:00**
**Leifsgata 11 — 54.9 Millj**

Góð, vel staðsett þriggja herbergja, 122,9 fm íbúð á annarri hæð, ásamt sérstæðum 32 fm bílskúr og sér bílastæði.

Skemmtileg eign í miðbæ Reykjavíkur.

FJÖLHÚS FASTEIGNASALA

Upplýsingar veita
Guðbjörg 899 5533
Thelma 860 4700

búmenn

Búmenn hsf
Húsnæðisfélag
Akralind 4
201 Kópavogi
Sími 552 5644
bumenn@bumenn.is
www.bumenn.is

## Búmenn auglýsa íbúðir

### Búseturéttur á markaðsverði

**Prestastígur 11, sem er fjölbýlishús í Reykjavík**



Til sölu er búseturéttur í 3ja herbergja íbúð á annarri hæð í fjölbýli. Íbúðin er 93,6 fm að stærð ásamt stæði í bílageymslu.
Ásett verð búseturéttarins er kr. 9.000.000. Mánaðargjöldin eru um kr. 180.000-

**Stekkjargata 69, sem er parhús í Reykjanesbæ**



Til sölu búseturéttur í 3ja herbergja parhúsi á einni hæð ásamt garðskála. Íbúðin er 104,6 fm að stærð ásamt 30,1 fm bílskúr, samtals 134,7 fm.
Ásett verð búseturéttarins er kr. 8.000.000 og eru mánaðargjöldin um kr. 205.000

**Akurgerði 25, sem er fjölbýli í Vogum**



Til sölu búseturéttur í 2ja herbergja íbúð í fjölbýlishúsi á einni hæð. Íbúðin er 66,6 fm að stærð.
Ásett verð búseturéttarins er kr. 3.800.000 og eru mánaðargjöldin um kr. 142.000-.

***Innifalið í mánaðargjaldi íbúðanna er fjármagnskostnaður, fasteignagjöld, bruna- og fasteignatrygging, viðhaldssjóður, þjónustugjald og rekstrarsjóður þar sem það á við.***

Þeir sem hafa áhuga á að skoða íbúðina og taka þátt í að gefa tilboð hafið samband við skrifstofu Búmanna.

**Tilboðsfrestur er til 15.mars n.k. kl.13.**

Hægt er að fá nánari upplýsingar á skrifstofu félagsins í síma 552-5644 milli kl. 9-16. Einnig er hægt að nálgast nánari upplýsingar um íbúðirnar á heimasíðu félagsins **www.bumenn.is**

**Í REYKJANESBÆ**

VERKFERILL



# Vönduð parhús



**Til sölu tvö 171m² vönduð staðsteypt parhús með bílskúr, Furudalur 2-4**
til afhendingar strax fokheld að innan með rafmagninntaki og fullbúin að utan.
Verð 37,2 milljónir



Einnig er hægt að semja um annað byggingarstig eins og tilbúið undir tréverk.
Allar upplýsingar fást LIND Fasteignasölu.

LIND FASTEIGNASALA
Hlíðasmári 6 • Kópavogi • 510 7900
Helga Pálsdóttir gsm 822 2123

## Fasteignasala Mosfellsbæjar




Einar Páll Kjærnested
lögg. fasteignasali.
einar@fastmos.is

KJARNA - ÞVERHOLTI 2 • 270 MOSFELLSBÆ • SÍMI: 586 8080 • FAX: 586 8081
WWW.FASTMOS.IS


### Þorfinnsgata 8 - 101 Reykjavík




**Opið hús í dag mánudag frá kl. 16:00 til 16:30**

115,1 m2, 3ja herbergja íbúð á 2. hæð. Eignin skiptist í tvö herbergi, stofu, gang, eldhús og baðherbergi. Stór sérgeymsla í kjallara. Skipt var um gler, rennur og gluggapóstar lagaðir árið 2015. Frábær staðsetning í 101. Sameiginleg timburverönd á lóð. **V. 46,9 m.**

### Þrastarhöfði 7 - 270 Mosfellsbær






**Opið hús í dag mánudag frá kl. 17:30 til 18:00**

Mjög rúmgóð og falleg 140,1 m2, 5 herbergja íbúð með sérinngangi á 2. hæð í fjórbýlishúsi. Fallegt útsýni. Fjögur rúmgóð svefnherbergi og stórar stofur. Um er að ræða stóra og bjarta íbúð á efri hæð á vinsælum stað við Þrastarhöfða í Mosfellsbæ. Mjög stutt er í grunnskóla, leikskóla og sundlaug, en auk þess er golfvöllur í næsta nágrenni. **V. 59,9 m.**

### Gerplustræti 8, íbúð 305 -270 Mosfellsbær







**Opið hús þriðjudaginn 6. mars frá kl. 17:30 til 18:00**

Ný fullbúin 67,0 m2, 2-3ja herbergja íbúð á efstu hæð í 3ja hæða lyftuhúsi. Íbúðin skiptist í tvö herbergi (annað herbergið er geymsla á teikningu), forstofu, baðherbergi, eldhús, stofu og borðstofu. Stórar svalir í suður með fallegu útsýni. Gott skipulag. Gólfefni eru fallegt harðparket og flísar. Rúllugardínur í gluggum. **V. 35,8 m.**

### Grenibyggð 29 - 270 Mos.



Fallegt og mjög vel staðsett 136,6m2 parhús á einni hæð með bílskúr. Eignin skiptist í 4-5 herbergi, forstofu, eldhús, baðherbergi, gestasalerni, þvottahús, stofu og borðstofu. Grórinn garður með timburverönd. Hellulagt bílaplan. **V. 62,9 m.**

### Klapparhlíð 32 - 270 Mos.



Falleg 99,0 m2, 4ra herbergja endaíbúð á 2. hæð í 3ja hæða fjölbýli. Þetta er björt og falleg íbúð á góðum stað. Stutt í skóla, leikskóla, sund og líkamsræktarstöð. Fallegar innréttingar frá Brúnás. **V. 43,9 m.**

### Gerplustræti 12 - 270 Mos.




Ný 80,0 m2, 3-4ja herbergja íbúð á fyrstu/annari hæð í 4ja hæða lyftuhúsi, ásamt bílastæði í bílageymsluhúsi. Stórar svalir með fallegu útsýni. Íbúðin skiptist í þrjú til fjögur herbergi (annað herbergið er geymsla á teikningu), forstofu, baðherbergi, eldhús, stofu og borðstofu. **V. 39,9 m.**

### Jöklafold 14 - 112 Reykjavík




**Opið hús í dag mánudag frá kl. 17:30 til 18:00**

Efri sérhæð, ásamt bílskúr og óinnréttuðu rými í kjallara (óskráðir ca 46 m2) í tvíbýlishúsi. Eignin er skráð 238,8 m2, þar af íbúð 187,4 m2, bílskúr 27,4 m2, stigi 2 m2 og geymsla í kjallara 22 m2 inn af geymslu er rými sem er ca 40m2 (óskráðir), einnig er búið að gera herbergi í risi sem er ca 15m2 (óskráðir). Eignin skiptist í fjögur svefnherbergi, baðherbergi, gestasnyrtingu, forstofu, geymslu, þvottahús, samliggjandi stofur, millipall, eldhús, bílskúr og óinnréttað rými í kjallara. **V. 79,9 m.**

### Hjallahlíð 31 - 270 Mosfellsbær




**Opið hús miðvikudaginn 7. mars frá kl. 17:00 til 17:30**

Falleg 94,4 m2, 4ra herbergja íbúð með sérinngangi á jarðhæð innst í botnlanga. Stór afgirt timburverönd í suður. Góð staðsetning, stutt í leikskóla, skóla, sundlaug og World Class. **V. 43,9 m.**

### Stóriteigur 14 - 270 Mosfellsbær






**Opið hús miðvikudaginn 7. mars frá kl. 18:00 til 18:30**

Fallegt og mjög mikið endurnýjað 180,9 m2 raðhús á tveimur hæðum með bílskúr. Eignin skiptist í 5 herbergi, forstofu, eldhús, baðherbergi, gestasalerni, þvottahús, stofu og borðstofu. Grórinn garður í suður með timburverönd. Tvennar svalir. Hellulagt bílaplan. Falleg gólfefni og sérsmíðaðar innréttingar. **V. 74,9 m.**

### Furugrund 70 - 200 Kópavogur




**Opið hús í dag mánudag frá kl. 12:15 til 12:45**

Vel skipulögð og björt 73,6 m2. 3ja herbergja endaíbúð með frábæru útsýni á 5. hæð í lyftuhúsi á mjög góðum stað í Kópavogi. Eignin skiptist í tvö svefherbergi, forstofuhol, baðherbergi, eldhús, stofu og borðstofu. Íbúðinni fylgir sérgeymsla í sameign. Sameiginlegt þvottahús er í húsinu. **V. 37,5 m.**

# BÚSETURÉTTIR TIL SÖLU

## Reykjavík: Miðbær og Grafarvogur

BÚSETI

### LAUGARVEGUR 135 · 105 RVK




52,2 ferm. · 2ja herb. · 201 íbúð nr.

**Búseturéttur:** 3.998.850 kr.
**Mánaðarlegt búsetugjald:** 132.319 kr.
Mögulegt lán: 1.150.000 kr.
Afhending að ósk seljanda: Í sumar

### FROSTAFOLD 20 · 112 RVK




62.1 ferm. · 2ja herb. · 504 íbúð nr.

**Búseturéttur:** 3.334.500 kr.
**Mánaðarlegt búsetugjald:** 136.967 kr.
Mögulegt lán: 1.000.000 kr.
Afhending að ósk seljanda: 1. júní

### EINHOLT 6 · 105 RVK




73.9 ferm. · 2ja herb. · 402 íbúð nr.

**Búseturéttur:** 7.950.000 kr.
**Mánaðarlegt búsetugjald:** 197.889 kr.
Mögulegt lán: Allt að 50%
Afhending: Júní 2018

### EINHOLT 10 · 105 RVK




124,9 ferm. · 4ra herb. · 202 íbúð nr.

**Búseturéttur:** 10.718.500 kr.
**Mánaðarlegt búsetugjald:** 257.476 kr.
Mögulegt lán: Allt að 50%
Afhending að ósk seljanda: Samkomulag

### ÞVERHOLT 23 · 105 RVK




131,7 ferm. · 4ra herb. · 306 íbúð nr.

**Búseturéttur:** 11.579.652 kr.
**Mánaðarlegt búsetugjald:** 277.111 kr.
Mögulegt lán: Allt að 50%
Afhending að ósk seljanda: Júní

### EINHOLT 8 · 105 RVK




98.7 ferm. · 3ja herb. · 203 íbúð nr.

**Búseturéttur:** 9.909.000 kr.
**Mánaðarlegt búsetugjald:** 243.475 kr.
Mögulegt lán: Allt að 50%
Afhending: Íbúð er laus til afhendingar

### ÞVERHOLT 17 · 105 RVK




69 ferm. · 2ja herb. · 203 íbúð nr.

**Búseturéttur:** 7.621.706 kr.
**Mánaðarlegt búsetugjald:** 191.059 kr.
Mögulegt lán: Allt að 50%
Afhending sumarið 2018

### ÞVERHOLT 15 · 105 RVK




45,3 ferm. · 1 herb. · 401 íbúð nr.

**Búseturéttur:** 5.800.000 kr.
**Mánaðarlegt búsetugjald:** 148.351 kr.
Mögulegt lán: Allt að 50%
Afhending sumarið 2018

### ÁVINNINGUR

- Örugg búseta
- Minni fjárbinding
- Réttur til vaxtabóta
- Lægri kaup- og sölukostnaður
- Búseti sér um ytra viðhald

### INNIFALIÐ Í BÚSETUGJALDI

Fjármagnskostnaður, skyldutryggingar, hiti, fasteignagjöld, hússjóður, þjónustugjald og framlag í viðhaldssjóð.

### ENDURSÖLUÍBÚÐIR

**Umsóknarfrestur:**
**Til kl 16:00 þann 13. mars**
**Úthlutun kl 12:00 þann 14. mars**

### UPPLÝSINGAR

**WWW.BUSETI.IS**
**buseti@buseti.Is**
**Sími: 556 1000**




# Fossvogsdalnum í Kópavogi

Sala er hafin á íbúðum í glæsilegum álklæddum fjölbýlishúsum í Lundi 7-13 í Kópavogi. Íbúðirnar eru 101,9-196,8 fm. Stæði í bílageymslu fylgja öllum íbúðum.

Lundur er án vafa ein glæsilegasta staðsetning íbúðabyggðar á höfuðborgarsvæðinu enda skapa Fossvogurinn, Öskjuhlíðin og rómaðar gönguleiðir gott jafnvægi milli byggðar og náttúru. Hverfið er skipulagt með sex kjörnum og milli þeirra verða stór græn svæði. Stutt er í margvíslega þjónustu, afþreyingu og menningu, s.s. Smáralind, Kringluna, Salinn og Gerðasafn.






**REYNSLA**
**FAGMENNSKA**
**METNAÐUR**





**Skoðið teikningar á bygg.is**

**FASTEIGNA MARKAÐURINN ehf**
Óðinsgötu 4 • S. 570 4500
Jón Guðmundsson, lögg. fasteignasali

**FASTEIGNASALAN TORG**
KRAFTUR – TRAUST – ÁRANGUR
Garðatorgi 5 – 210 Garðabæ
Sími 520 9586

**FJÁRFESTING FASTEIGNASALA EHF**
Sími 562 4250
www.fjarfesting.is
Borgartúni 31

**Byggingafélag Gylfa og Gunnars byggir á 34 ára reynslu á íslenskum byggingamarkaði.**

**HÖFÐI FASTEIGNASALA**

Suðurlandsbraut 52
108 Reykjavík
Sími 533 6050
Faxnr. 533 6055
www.hofdi.is


**Runólfur Gunnlaugsson**
lögg. fast.


**Ásmundur Skeggjason**
lögg. fast.


**Brynjar Baldursson**
sölufulltrúi


**Jóhann Friðgeir Valdimarsson**
sölufulltrúi


**Kristinn Tómasson**
lögg. fast.

## Fyrir fólk á fasteignamarkaði

### Grænlandsleið 8 Rvk. raðhús




Sérlega fallegt og vandað raðhús á tveimur hæðum með innb. bílskúr við Grænlandsleið í Reykjavík.

Húsið er skráð 244 fm. skv. Þjóðskrá, þaraf bílskúr 28,9 fm. Húsið er steinhús byggt árið 2003. Vandaðar sérsmíðaðar innréttingar frá Trésmiðjunni Borg. Gott útsýni úr stofu. Stór verönd út af stofu á efri hæð og einnig út af holi á neðri hæð.

**Verð kr. 86,9 millj.** Uppl. Runólfur viðsk.fr. lögg.fast. á Hööfa s. 892 7798

### Ljósheimar 6, 3ja herb.




Falleg 3ja herb. 86,3 fm. íbúð á 4. hæð í lyftuhúsi við Ljósheima 6 í Reykjavík. Íbúðin er 82 fm. og sér geymsla í kjallara 4,3 fm., alls skráð 86,3 fm. skv. Þjóðskrá. Tengt fyrir þvottavél og þurrkara á baðherbergi. Húsið er klætt að utan og í góðu ástandi. **Verð kr. 39,5 millj.**
**Opið hús í dag kl. 17-18.**
Uppl. veitir Runólfur viðsk.fr. lögg.fast á Höfða s. 892 7798 runolfur@hofdi.is

### Háaleitisbraut 24 Rvk.




Vel skipulögð 117 fm 4ra herbergja endaíbúð á 2.hæð ásamt 20 fm bílskúr. Sér þvottahús í íbúð. Laus strax svo þú getur flutt beint inn.
**Verð 49,9 millj.**
**Opið hús í dag kl. 17:00 og 17:30**
Ásmundur Skeggjason fasteignasali verður á staðnum og tekur á móti ykkur. Sími 895 3000



Rekstraraðili óskast

# Nýtt hótel á höfuðborgarsvæðinu

Gert er ráð fyrir 108 herbergjum, uþb. 16-27 fm.
Áætlað er að hótelið verði tilbúið til afhendingar í ágúst 2019.
Rekstraraðilar geta haft áhrif á hönnun komi þeir inn fljótlega.

**UPPLÝSINGAR VEITIR**


**Daði Hafþórsson**
löggiltur fasteignasali
824 9096
dadi@eignamidlun.is

**EIGNAMIÐLUN**

60 ÁRA
FRAMÚRSKARANDI
SÍÐAN 1957

Ný tækifæri,
nýjar áskoranir!



www.hagvangur.is

HAGVANGUR

EIGNALIND FASTEIGNASALA
Engihjalli 8 • 200 Kópavogi • s. 616 8880 • sos@eignalind.is

FRÍTT VERÐMAT FASTEIGNA
- kíktu á www.verdmat.is



**Sigurður Oddur Sigurðsson**
Löggiltur fasteignasali
sos@eignalind.is
Sími 616 8880

**Ellert Róbertsson**
Sölumaður Fasteigna í rúm 30 ár
ellert@eignalind.is
simi 893 4477

**Guðmundur Valtýsson**
Löggiltur fasteignasali
gudmundur@eignalind.is
sími 865 3022

**Jónas Örn Jónasson**
Lögmaður og lögg. fast.
jonas@eignalind.is
sími 770-8200

**Artjón Árni**
Löggiltur fasteignasali
aa@Eignalind.is
Sími 612 1414

GOLF EIGNIR
FASTEIGNIR Á SPÁNI
www.golfeignir.is

VERDMAT.is
Fasteignamiðlun og ráðgjöf

SPÁNAREIGNIR




Einstakt tækifæri til að eignast fallegt heimili í sólinni

LA MARINA Á SPÁNI
– aðeins 20 mín frá Alicante flugvelli.
GLÆSILEGT EINBÝLISHÚS Á EINNI HÆÐ.
Rúmgóð verönd. Stór og sólríkur lokaður garður með einkasundlaug.
Stofa, borðstofa, gott eldhús.
Þrjú svefnherbergi og tvö baðherbergi.
Yfirbyggt bílastæði inni á lokaðri lóð.
Innbú getur fylgt eftir samkomulagi.
Miðstýrt ofnakerfi.
Ótal golfvellir á svæðinu.
Stutt á strönd.



Verð: Ikr. 38.400.000,-

VIÐ HÖFUM SELT FASTEIGNIR Á SPÁNI SÍÐAN 2001.
ÞÚ ERT Í ÖRUGGUM HÖNDUM HJÁ OKKUR.

Aðalheiður Karlsdóttir
löggiltur fasteignasali
adalheidur@spanareignir.is
sími: 893 2495



www.spanareignir.is

LIND FASTEIGNASALA
Auglýsir eftir fasteignasölum til starfa.
Reynsla af sölu fasteigna skilyrði.
Áhugasamir sendi tölvupóst og ferilskrá á hannes@fastlind.is

LIND FASTEIGNASALA
Hlíðasmára 6 / 201 Kópavogur / www.FASTLIND.is
Uppspretta ánægjulegra viðskipta

FRÉTTABLAÐIÐ.IS

Fréttablaðið.is ætlar að bjóða fjölskyldu í drauma sumarleyfi þar sem allt er innifalið.
Flug, gisting, matur og drykkur, svokallað „all-inclusive“.
Smelltu þér núna inn á Fréttablaðið.is/nyskraning skráðu þig í leikinn og freistaðu gæfunnar.

Vinningsfjölskyldan getur m.a. valið:
Tenerife - Almeria - Benidorm - Sett saman eigin draumaferð
Verðmæti allt að 800.000 kr.

ÖLL FJÖLSKYLDAN SAMAN

ALLT INNIFALIÐ!



Góða ferð!
inná frettabladid.is
- Skráning stendur til og með 7. mars -

# Smáauglýsingar

**512 5000**
Afgreiðsla smáauglýsinga og sími er opinn alla virka daga frá 9-16
Netfang: smaar@frettabladid.is

## Bílar & Farartæki

SUZUKI



EL-GO rafmagnsvespur. Ekkert próf, engin skráning, BARA GAMAN. Vespurnar eru til í fjórum flottum litum. Sama lága verðið 152.000.- kr.

**SUZUKI**
**Skeifunni 17, 108 Reykjavík**
**Sími: 568 5100**
**suzukisport@suzuki.is**
**Suzuki.is / suzukisport.is**

### Hjólhýsi



**HOBBY HJÓLHÝSI 2018 STÓRSPARNAÐUR!**
Kauptu beint frá Þýskalandi. Við aðstoðum þig. Allar fyrirspurnir sendist á: kriben@simnet.is s. 863 4449.Ath takmarað magn.

### Hjólbarðar

VAKA



**NÝJU SAILUN DEKKIN Á FRÁBÆRU VERÐI.**
Einnig úrval notaðra dekkja. Tökum notuð uppí ný. Vaka s. 567 6700

### Varahlutir

**Startarar & alternatorar**
í bíla, báta og vinnuvélar



**Bílaraf**
Flatahrauni 25 - Hafnarfirði
Sími 564 0400
www.bilaraf.is

### Viðgerðir

Almennar bílaviðgerðir. Sérgrein bremsuviðgerðir. Renni diska og skálar. Fljót og góð þjónusta. Bergfinnur ehf. 892 7852

## Þjónusta

### Hreingerningar

**Hreingerningaþjónusta**
**Þvegillinn**
**5 44 44 46**

Hreingerningar - Bónun - Bónleysing Flutningsþrif - Þrif eftir iðnaðarmenn thvegillinn. is - Stofnað 1969 Traustir og vanir menn.

**VY-ÞRIF EHF.**
Öll almenn þrif, fyrir heimili, húsfélög, fyrirtæki ofl. Gerum verðtilboð. S. 512 4010 www.vy.is

### Bókhald

**HSE Bókhald & Uppgjör slf**
Skattframtöl, Bókhald, Vsk. & launauppgjör, Ársuppgjör.
Ódýr og góð þjónusta
www.hsebokhald.is
hsebokhald@hsebokhald.is
Sími: 6926910

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

### Málarar

Getum bætt við okkur inni og útiverkefnum. Vönduð vinnubrögð og góð umgengni. Tilboð eða tímavinna. Litið Mál ehf. Sigurður 896-5758

### Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

### Húsaviðhald

**FLÍSALAGNIR - MÚRVERK - FLOTUN - SANDSPARSL - MÁLUN - TRÉVERK**
Ásamt öllu almennu viðhaldi fasteigna.

Áratuga reynsla og þekking skilar fagmennsku og gæðum.

Tímavinna eða tilboð.

Strúctor byggingaþjónusta ehf. S. 893 6994

**Þakpappaverk**
**Eitt besta verðið**
**S. 778 8322**

**ALHLIÐA FASTEIGNAVIÐHALD**
- *MÚRVINNA*
- *FLÍSALAGNIR*
- *SMÍÐAVINNA*
- *MÁLNINGARVINNA*

*TILBOÐ ÞÉR AÐ KOSTNAÐARLAUSU !*
Uppl. í s: 788 8870 eða verk@murumogsmidum.is
Múrum og smíðum ehf

### Nudd

**NUDD**
Slökunarnudd í miðbæ Reykjarvíkur. Sími 694 7881, Janna.

### Spádómar

**SPÁSÍMINN 908 5666**
Stjörnuspá. Tarot. Árspá. Draumráðningar, ást og peningar. Andleg hjálp. Trúnaður.

**ÞÓRA FRÁ BREKKUKOTI SPÁMIÐILL**
-SPÁI Í SPIL
-OG KRISTALSKÚLU
-HEILUNAR TÍMAR
-FYRIRBÆNIR
-ALGJÖR TRÚNAÐUR
Sími 618 3525
www.engill.is

**Nympha-dora**
Tarot-lestur og Kristalkúla með leiðsögn að handan
VISA **562 8211** EURO

## Rafvirkjun

**RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.**
Bjóðum hagstætt verð í töfluskipti. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

## Keypt & Selt

### Óskast keypt

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
Alla virka daga í verslun okkar Laugavegi 61 Jón & Óskar
jonogoskar.is s.552-4910

## Til bygginga



**HARÐVIÐUR TIL HÚSABYGGINGA. SJÁ NÁNAR Á: VIDUR.IS**
Vatnsklæðning, panill, pallaefni, parket, útihurðir, ofl. Gæði á góðu verði. Nýkomnar Eurotec A2 harðviðarskrúfur. Penofin harðviðarolía. Indus ehf, Óseyrarbraut 2 Hf, Uppl.hjá Magnúsi í símum 660 0230 og 561 1122.

## Húsnæði

### Atvinnuhúsnæði

**ATVINNUHÚSNÆÐI**
Til sölu eða leigu 50 m2 í Steinhellu 14. Góð hæð+hurð. Verð: 18,4 m. Leiga: 99 þ. Bara snyrtileg starfs. Facebook: steinhella 14 S: 661-6800

### Geymsluhúsnæði

**GEYMSLUR.IS**
**SÍMI 555-3464**
Geymslur af öllum stærðum. Allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

**WWW.GEYMSLAEITT.IS**
**FYRSTI MÁNUÐUR FRÍR**
á minna en 7 m2. Ódýrt eftir það. S: 564-6500

## Til sölu



# Atvinna

## Atvinna í boði

Heimaás

**VERKAMAÐUR / BYGGINGARVINNA**
Heimaás óskar eftir að ráða verkamann í byggingarvinnu.

Nánari uppl. í s. 8956820 Guðmundur

heimaas@heimaas.is merkt "atvinna"

Heimaás

**KRANAMAÐUR / BYGGINGARVINNA**
Heimaás óskar eftir að ráða kranamann í byggingarvinnu.

Nánari uppl. í s. 8956820 Guðmundur

heimaas@heimaas.is merkt "atvinna"

**- TRAILER BÍLSTJÓRA VANTAR -**

Silfri ehf óskar eftir trukkabílstjóra og einnig vantar bílstjóra á fjögurra öxla bíl.

Uppl. gefur Gunnar í s. 894 9690

**SÖLUMENN ÓSKAST.**
Óska eftir sölumönnum til að selja í hús usb lykla sem á er digital bók. Geta sölumenn auðveldlega haft margar milljónir eftir skatt. Gengið er í hús milli kl 12-22 alla daga þegar gott er veður. Uppl.í s: 776-4111

Garðyrkjufyrirtæki á höfuðborgarsvæðinu óskar eftir duglegu starfsfólki í fullt starf. Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst. Umsókn ásamt ferilskrá sendist á netfangið hreinirgardar@gmail.com

## Atvinna óskast

**VANTAR ÞIG SMIÐI, MÚRARA, MÁLARA EÐA AÐRA STARFSMENN?**
Höfum á skrá menn sem geta hafið störf með skömmum fyrirvara.
**Proventus starfsmannaþjónusta - proventus.is Sími 551-5000 Netfang proventus@proventus.is**

## Tilkynningar

Reykjavíkurborg
Umhverfis- og skipulagssvið

# Auglýsing um breytingar á deiliskipulagi í Reykjavík

**Í samræmi við 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, eru hér með auglýstar tillögur að breytingu á deiliskipulagi í Reykjavík.**

## Lyngháls 7

Á fundi umhverfis- og skipulagsráðs þann 22. nóvember 2017 og borgarráði Reykjavíkur þann 30. nóvember 2017 var samþykkt að auglýsa tillögu að breytingu á deiliskipulagi Hálsahverfis vegna lóðarinnar nr. 7 við Lyngháls. Í breytingunni felst m.a. hækkun á nýtingarhlutfalli lóðar, nýr byggingarreitur fyrir opinn tveggja hæða bílastæðapall, staðsetja óveruleg mannvirki utan byggingarreits og yfir hámarkshæð svo sem opna útistiga, rampa og ytri tæknibúnað. Erindi er sent til endurauglýsingar vegna rangra dagsetninga sem birtust í blöðum í fyrri auglýsingu. Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

## Grensásvegur 12 og 14

Á fundi umhverfis- og skipulagsráðs þann 7. febrúar 2018 og borgarráði Reykjavíkur þann 15. febrúar 2018 var samþykkt að auglýsa tillögu að breytingu á deiliskipulagi fyrir lóðina nr. 12 við Grensásveg. Í breytingunni felst að heimilt verður að breyta notkun bakhúss á lóðinni, Grensásvegur 12a, og innrétta þar 9 íbúðir. Einnig er lóð Grensásvegar 12 og 12a skilgreind m.t.t. garða, sérafnotahlutum/veröndum og bílastæðaafyrirkomulags. Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

Tillögurnar má einnig sjá og fara yfir á skjá og tölvu í þjónustuveri Reykjavíkurborgar að **Borgartúni 12-14**, 1. hæð, virka daga kl. 8:20 – 16:15 **frá 5. mars 2018 til og með 16. apríl 2018.** Einnig má sjá tillögurnar á vefsíðunni, ***www.reykjavik.is*****, skipulag í kynningu**. Eru þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta hvattir til að kynna sér tillögurnar. **Ábendingum og athugasemdum við tillögurnar skal skila skriflega til skipulagsfulltrúa eða á netfangið *skipulag@reykjavik.is*, eigi síðar en 16. apríl 2018. Vinsamlegast notið uppgefið netfang fyrir innsendar athugasemdir með tölvupósti.**

Reykjavík 5. mars 2018
Skipulagsfulltrúi Reykjavíkur

Borgartúni 12-14, 105 Reykjavík, sími: 411 1111, www.reykjavik.is

## Til leigu

# Húsnæði til leigu/sölu í Reykjanesbæ






## Klettatröð 19, Keflavíkurflugvöllur

**Húsnæðið skiptist í**
- 4 skrifstofur, eldhús, salerni, afgreiðslu og salur.
- Samtals ca 600 m2
- Eignin er laus fljótlega

**Einnig er eignin til sölu.**






## Bolafótur 1 Njarðvík

- 2x 108 m2 salir, nýttir sem bílaverkstæði í dag.
- Ca 80 m2 afgreiðsla, 40 m2 skrifstofa á efri hæðinni og sameiginlegt eldhús og salerni.
- Eignin er laus frá og með 1 júlí
- Samtals ca 365 m2

**Einnig er allt húsið til sölu 788 m2**

Frekari upplýsingar í síma 776 7600 Guðmundur
eða gummi@touringcars.eu

TCI Fasteignafélag ehf

# Fyrirliðinn syrgður




Ítalía og knattspyrnuheimurinn allur syrgði í gær varnarmanninn Davide Astori, fyrirliða Fiorentina. Miðvörðurinn stæðilegi fannst látinn á hóteli liðs síns sama dag og leikur þess við Udinese átti að fara fram. Astori var 31 árs þegar hann lést en hann hafði leikið með Cagliari, Roma og Fiorentina á ferli sínum auk þess að leika fjórtán landsleiki fyrir þjóð sína. Öllum leikjum gærdagsins á Ítalíu var frestað vegna andlátsins. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

# Rúnar kominn í markaskóna

**FÓTBOLTI** Rúnar Már Sigurjónsson skoraði annan leikinn í röð fyrir St. Gallen í svissnesku úrvalsdeildinni í knattspyrnu um helgina en í þetta skiptið reyndist mark Rúnars sigurmarkið í 2-1 sigri á útivelli gegn Thun. Heimamenn komust yfir snemma leiks en St. Gallen náði að snúa leiknum sér í hag og innbyrða sigur eftir sigurmark Rúnars á 77. mínútu. Var þetta þriðji sigur liðsins í röð en St. Gallen er í 3. sæti deildarinnar, nítján stigum á eftir Young Boys í efsta sæti. **– kpt**

# Jón Axel hetja Davidson

**KÖRFUBOLTI** Jón Axel Guðmundsson, bakvörðurinn úr Grindavík, er að slá í gegn í bandarískum körfubolta en hann var hetja Davidson Wildcats í sigri á Rhode Island um helgina þegar karfa hans undir lok leiksins tryggði liðinu sigur. Jón Axel er fyrsti leikmaðurinn í sögu Davidson-háskólans sem er með yfir 13 stig, 6 fráköst og 5 stoðsendingar að meðaltali í leik en með skólanum lék áður Steph Curry, tvöfaldur verðmætasti leikmaður NBA-deildarinnar (e. most valuable player) og tvöfaldur NBA-meistari.



**Jón Axel Guðmundsson.**


HÖRKUTÓL SEM ENDIST

RAM

2018



LARAMIE SPORT

TIL AFGREIÐSLU STRAX
RAM 3500 LIMITED, LARAMIE
OG SLT ÁRGERÐ 2018

VERÐ FRÁ KR.
5.960.000 ÁN VSK.
KR. 7.390.400 MEÐ VSK.

BJÓÐUM UPP Á 35" TIL 40"
BREYTINGARPAKKA.



40" BREYTTUR LIMITED

ÍSBAND
ÍSLENSK-BANDARÍSKA EHF. BÍLAUMBOÐ

Umboðsaðili Ram Trucks á Íslandi - Þverholti 6 - 270 Mosfellsbær - s. 534 4433
www.ramisland.is - www.isband.is - isband@isband.is - Opið virka daga 10-18 - Laugardaga 12-16

Premier League

## Enska úrvalsdeildin

**Úrslit 29. umferðar 2017-18**

**Burnley - Everton 2-1**
0-1 Cenk Tosun (20.), 1-1 Ashley Barnes (56.), 2-1 Chris Wood (80.).

**Leicester - Bournemouth 1-1**
0-1 Joshua King (35.), 1-1 Riyad Mahrez (97.).

**Southampton - Stoke 0-0**

**Swansea - West Ham 4-1**
1-0 Ki Sung-Yong (8.), 2-0 Mike van der Hoorn (32.), 3-0 Andy King (48.), 4-0 Jordan Ayew (63), 4-1 Michail Antonio (79.).

**Tottenham - Huddersf. 2-0**
1-0 Son Heung-Min (27.), 2-0 Son Heung-Min (54.).

**Watford - West Brom 1-0**
1-0 Troy Deeney (77.)

**Liverpool - Newcastle 2-0**
1-0 Mohamed Salah (40.), 2-0 Sadio Mane (55.)

**Brighton - Arsenal 2-1**
1-0 Lewis Dunk (7.), 2-0 Glenn Murray (26), 2-1 Pierre-Emerick Aubameyang (43.)

**Man. City - Chelsea 1-0**
1-0 Bernando Silva (46.),

## Staðan

| FÉLAG | L | U | J | T | MÖRK | S |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Man City | 29 | 25 | 3 | 1 | 82-20 | 78 |
| Liverpool | 29 | 17 | 9 | 3 | 67-32 | 60 |
| Man. Utd | 28 | 18 | 5 | 5 | 53-20 | 59 |
| Tottenham | 29 | 17 | 7 | 5 | 55-24 | 58 |
| Chelsea | 29 | 16 | 5 | 8 | 50-25 | 53 |
| Arsenal | 29 | 13 | 6 | 10 | 52-41 | 45 |
| Burnley | 29 | 10 | 10 | 9 | 24-26 | 40 |
| Leicester | 29 | 9 | 10 | 10 | 41-42 | 37 |
| Watford | 29 | 10 | 6 | 13 | 39-47 | 36 |
| Brighton | 29 | 8 | 10 | 11 | 28-38 | 34 |
| Everton | 29 | 9 | 7 | 13 | 33-49 | 34 |
| Bournem. | 29 | 8 | 9 | 12 | 34-44 | 33 |
| Swansea | 29 | 8 | 6 | 15 | 25-42 | 30 |
| West Ham | 29 | 7 | 9 | 13 | 36-54 | 30 |
| Huddersf. | 29 | 8 | 6 | 15 | 25-50 | 30 |
| Newcastle | 29 | 7 | 8 | 14 | 27-40 | 29 |
| Southam. | 29 | 5 | 13 | 11 | 29-41 | 28 |
| Crystal P. | 28 | 6 | 9 | 13 | 25-43 | 27 |
| Stoke | 29 | 6 | 9 | 14 | 28-54 | 27 |
| West Brom | 29 | 3 | 11 | 15 | 22-43 | 20 |

## Okkar menn

**Íslendingar í efstu tveimur deildunum í Englandi**

Everton
**Gylfi Þór Sigurðsson**

Gylfi Þór Sigurðsson átti hlut í eina marki Everton í 1-2 tapi gegn Burnley en var tekinn af velli skömmu fyrir leikslok.

Burnley
**Jóhann Berg Guðm.**

Jóhann lagði upp sigurmark Burnley. Sigurmarkið kom eftir hornspyrnu Jóhanns tíu mínútum fyrir leikslok.

Cardiff City
**Aron Einar Gunnarsson**

Landsliðsfyrirliðinn er að ná sér af meiðslum en leik Cardiff var frestað vegna veðurs.

Reading
**Jón Daði Böðvarsson**

Fresta þurfti leik Reading og Wolves vegna snjókomu á Englandi.

Aston Villa
**Birkir Bjarnason**

Aston Villa átti ekki leik um helgina en mætir botnliði Sunderland á þriðjudaginn.

Bristol City
**Hörður B. Magnússon**

Fékk tækifæri í miðri vörn Bristol og hélt hreinu í 4-0 sigri gegn Sheffield Wednesday.




**Wenger horfir þungt hugsi inn á völlinn í 1-2 tapi fyrir Brighton um helgina. Hann virðist engin svör eiga við hruni Arsenal þessa dagana.** FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

# Farinn fram yfir síðasta söludag

Arsenal er í frjálsu falli þessa dagana en Skytturnar hafa aðeins fengið átta stig í síðustu tíu leikjum í deildinni. Stuðningsmenn eru enn eitt árið að kalla eftir því að Wenger yfirgefi félagið eftir 22 ára stjórnartíð.

**FÓTBOLTI** Eftir tæp tuttugu og tvö ár er líklegast samband Arsene Wenger og Arsenal komið að endalokum. Þessi farsælasti stjóri í sögu félagsins hefur ekki náð að aðlagast breyttum tímum í enska boltanum og fyrir vikið eru Skytturnar að dragast aftur úr toppliðum deildarinnar.

Það hefur lítið sem ekkert gengið hjá Arsenal undanfarnar vikur í ensku úrvalsdeildinni og fyrir vikið er liðið úr sögunni í baráttunni um efstu fjögur sætin. Undir lok desember vann Arsenal 3-2 sigur á Crystal Palace og minnkaði muninn upp í fjórða sæti í eitt stig en í dag eru þau þrettán. Tíu leikir þar sem aðeins tveir hafa unnist og átta stig fengin af þrjátíu mögulegum. Fyrir utan stórsigur gegn Everton og Crystal Palace hefur gengi Arsenal einfaldlega verið hörmung undanfarna tvo mánuði. Endurspeglaðist það í 1-2 tapi fyrir nýliðum Brighton í gær en kostuleg mistök Petr Cech kostuðu Skytturnar stig.

### Missti af útgöngustöðinni

Wenger skrifaði í sumar undir nýjan samning hjá Arsenal, stuttu eftir að hafa stýrt þeim til sigurs í enska bikarnum. Sjálfsagt hefðu flestir stuðningsmenn liðsins óskað eftir því að leiðir skildust þar, með sjöunda bikarmeistaratitli Frakkans. Þess í stað skrifaði hann undir nýjan samning og frestaði brottförinni þótt stuðningsmenn hafi ítrekað skorað á hann að yfirgefa félagið með skiltum og borðum á leikjum liðsins.

### Evrópuævintýri eina leiðin

Arsenal komst naumlega í 16-liða úrslit Evrópudeildarinnar eftir einvígi við Östersund en þar mætir Lundúnaliðið stórliði A.C. Milan. Wenger virtist sjálfur gera sér grein fyrir að það væri orðin eina leið Arsenal inn í sterkustu keppni Evrópu á komandi tímabili.

„Það verður afar erfitt úr þessu að ná í eitt af efstu fjórum, eiginlega bara ómögulegt. Við þurfum að treysta á að tvö lið misstígi sig og ofan á það erum við í miklum vandræðum sem lið. Við þurfum að ná góðri endurhæfingu fyrir leikinn gegn A.C. Milan á fimmtudaginn því það voru þreytumerki á okkur í dag,“ sagði Arsene Wenger, vonsvikinn að leikslokum í gær. **kristinnpall@frettabladid.is**

**10**

**tapleikir í vetur; aðeins einu sinni áður á 22 árum Wengers hefur Arsenal tapað meira en 10 leikjum á einni leiktíð.**

## Stóru málin

**eftir helgina í enska boltanum**

**Stærstu úrslitin**
Manchester City fékk mikla prófraun þegar Chelsea kom í heimsókn en stóðst hana með prýði. Eftir sigurinn þarf City aðeins að vinna fjóra af síðustu níu leikjunum sínum til að taka titilinn.

**Hvað kom á óvart?**
Swansea sem hafði aðeins skorað 21 mark í 29. leikjum blés til markaveislu á Liberty-vellinum. Svanirnir komust 4-0 yfir snemma seinni hálfleiks og skipti mark West Ham engu máli. Stór sigur fyrir Svanina í fallbaráttunni.

**Mestu vonbrigðin**
Everton hefur nú tapað þremur af síðustu fjórum. Eftir fína byrjun gegn liði Burnley, sem hafði ekki unnið leik í tæpa þrjá mánuði, hrundi spilamennska Everton eins og spilaborg í seinni hálfleik. Everton hefur nú tapað þremur af síðustu fjórum leikjum sínum í deildinni.

## Leikmaður helgarinnar




Son Heung-Min skoraði bæði mörk Tottenham í 2-0 sigri á Huddersfield á Wembley um helgina. Tottenham stjórnaði leiknum allt frá fyrstu mínútu en þegar mörkin komu ekki frá stjörnum liðsins, Harry Kane, Dele Alli og Christian Eriksen, þurfti einhver að taka á sig rögg og koma liðinu yfir línuna. Eftir úrslit helgarinnar er Tottenham í 4. sæti, fimm stigum fyrir ofan Chelsea sem er í fimmta sæti í baráttunni um þátttökurétt í Meistaradeild Evrópu á næsta ári.

Son er á sínu þriðja tímabili í London og er orðinn markahæsti Suður-Kóreumaðurinn í sögu ensku úrvalsdeildarinnar en hann er einn besti leikmaðurinn sem komið hefur frá Asíuríkinu.

# Fengu andrými til að þroskast

**KR varð deildarmeistari í 1. deild kvenna í körfubolta um helgina. Þrjú ár eru síðan KR óskaði eftir því að fella liðið niður í 1. deildina til að hlúa betur að yngri leikmönnunum og er sú ákvörðun að skila sér í dag.**

**KÖRFUBOLTI** KR varð um helgina deildarmeistari í 1. deild kvenna í körfubolta er liðið vann 75-40 sigur á ÍR en eftir 20. umferðir er liðið enn ósigrað. KR, sem er næstsigursælasta félag landsins í kvennakörfunni, er þó ekki enn búið að tryggja sér sæti í Domino's-deild kvenna á næsta ári en fjögur efstu lið deildarinnar fara í umspil.

### Stóra keppnin er fram undan

Benedikt Guðmundsson, þjálfari KR-liðsins, var skiljanlega ánægður með deildarmeistaratitilinn, en var fljótur að minna á að endanlegt markmið liðsins væri ekki enn í höfn þegar Fréttablaðið heyrði í honum.

„Þetta er búið að ganga ótrúlega vel hingað til en þessi titill þýðir lítið. Við eigum einn leik eftir gegn Grindavík og svo hefst keppnin sem skiptir öllu máli,“ sagði Benedikt sem sagði fagnaðarlætin ekki hafa verið mikil um helgina.

„Við stefnum á að fara taplaus í gegnum deildarkeppnina en svo hefst önnur keppni. Það skiptir engu máli hver spilaði best yfir veturinn, í útsláttarkeppni verðurðu bara að vinna. Þar eru margar breytur sem hafa áhrif, við erum til dæmis með sjö leikmenn meidda en þær verða vonandi margar komnar aftur fyrir komandi leiki. “

Benedikt tók við KR-liðinu síðasta haust en hann stýrði liðinu síðast þegar Íslandsmeistaratitillinn vannst, vorið 2010, eftir æsispennandi úrslitarimmu gegn Hamri.

> Klúbbur eins og KR á að eiga lið í fremstu röð í bæði karla- og kvennaflokki.
>
> Benedikt Guðmundsson, þjálfari KR



Benedikt var ráðinn til að sjá um yngriflokkastarf KR en féllst á að taka við liðinu eftir samtal við Guðrúnu Kristmundsdóttur, formann körfuknattleiksdeildar KR, í sumar.

„Þjálfarastaðan losnaði óvænt þegar fyrrverandi þjálfari liðsins ákvað að flytja til Spánar og Guðrún bauð mér að taka við með það að markmiði að koma liðinu upp sem allra fyrst. Sem þjálfari vill maður vinna alla leiki en að heyra hana segja að það ætti að gera allt sem hægt væri til að fara beint upp sannfærði mig um að taka við liðinu og að reyna að koma því aftur í fremstu röð.“




**Þorbjörg Andrea með sigurverðlaun KR-inga að leikslokum um helgina.** FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

### Kjarni KR-inga að myndast

Í sumar verða þrjú ár síðan KR tók ákvörðun um að draga liðið út úr keppni í efstu deild og senda það í 1. deild. Var ákvörðunin tekin til að hlúa betur að yngri leikmönnum liðsins eftir erfiðlega gekk að manna leikmannahópinn en þá voru aðeins tvö ár síðan liðið keppti um titilinn. Benedikt telur að sú ákvörðun sé farin að bera ávöxt.

„Hérna áður fyrr var þetta oftast blanda af leikmönnum héðan og þaðan en í dag hefur okkur tekist að mynda kjarna af KR-ingum og byggja liðið á því. Auðvitað eru aðkomumenn eins og alls staðar annars staðar en unglingastarfið hefur tekið kipp og við erum farin að eiga okkar leikmenn,“ sagði hann og bætti við:

„Þessi ákvörðun gaf liðinu andrými til að læra og þroskast, eitthvað sem hefði líklegast ekki fengist í efstu deild þar sem meiri krafa er gerð um árangur. Á sama tíma fékkst tími til að byggja upp þennan KR-kjarna. Bara fyrir ári, þá komu inn í hópinn stelpur á 16. og 17. ári sem ég er ekki viss að hafi verið tilbúnar í efstu deild en hafa haft gott af því að spila í 1. deild.“

Benedikt var jarðbundinn er hann var spurður hvort liðið væri tilbúið til að snúa upp í efstu deild á ný.

„Ef við vinnum úrslitakeppnina förum við að skoða næstu skref en við erum ekkert farin að velta því fyrir okkur. Klúbbur á stærð við KR á að hafa lið í fremstu röð, óháð kyni, og það er okkar markmið að koma þessu liði aftur á sinn stað meðal bestu liða landsins. Þetta kemur með tímanum, við tökum eitt skref í einu,“ sagði Benedikt.

**kristinnpall@frettabladid.is**

## Nýjast

### Domino's-deild karla

**Valur - Grindavík 78-100**
**Stigahæstir:** Urald King 17, Gunnar Harðarson 13, Illugi Auðunsson 11, Austin Bracey 10 - Dagur Kár Jónsson 22, J'Nathan Bullock 22, Þorsteinn Finnbogason 15, Ingvi Þór Guðmundsson 15, Sigurður Þorsteinsson 12/10 fráköst.

**ÍR - Haukar 64-62**
**Stigahæstir:** Ryan Taylor 20, Danero Thomas 14, Matthías Orri Sigurðarson 9, Sveinbjörn Claessen 9 - Paul A. Jones 26, Haukur Óskarsson 18, Emil Barja 9, Finnur Atli Magnússon 4.

**KR - Höttur 86-70**
**Stigahæstir:** Kristófer Acox 14, Veigar Áki Hlynsson 13, Darri Hilmarsson 11, Vilhjálmur Kári Jensson 11, Björn Kristjánsson 10 - Sigmar Hákonarson 17, Brynjar Grétarsson 15, Mirko Virijevic 15/11 fráköst, Andrée Michelsson 9.

**Þór Ak. - Þór Þ. 70-76**
**Stigahæstir:** Nino D'Angelo Johnson 19/22 fráköst, Hilmar Smári Henningsson 15, Ingvi Rafn Ingvarsson 15 - Halldór Garðar Hermannsson 21, Emil Karel Einarsson 19, Chaz Calvaron Williams 16

### Domino's-deild kvenna

**Snæfell - Skallagrímur 74-87**
**Snæfell:** Kristen Denise McCarthy 21/11 fráköst, Gunnhildur Gunnarsdóttir 14, Júlía Scheving Steindórsdóttir 11, Andrea Björt Ólafsdóttir 8, Sara Diljá Sigurðardóttir 7.
**Skallagrímur:** Carmen Tyson-Thomas 33/18 fráköst, Sigrún Sjöfn Ámundadóttir 19, Jóhanna Björk Sveinsdóttir 16, Jeanna Figueroa 8, Bríet Lilja Sigurðardóttir 6.



## Merkisatburðir

**1616** Höfuðrit pólska stjörnufræðingsins Nikulásar Kóperníkusar, Um snúninga himinhvelanna, sett á bannlista kaþólsku kirkjunnar 73 árum eftir að hún kom fyrst út.

**1638** Frakkar og Svíar gera með sér Hamborgarsamninginn sem kvað á um greiðslu til Svía fyrir hernaðaraðgerðir gegn Habsborgurum.

**1770** Fimm Bandaríkjamenn myrtir af Bretum í Boston. Atburðurinn var einn af þeim neistum sem kveiktu bandaríska frelsisstríðið.

**1865** Kirkjan á Möðruvöllum í Hörgárdal brennur til kaldra kola.

**1912** Fiskverkakonur í Hafnarfirði leggja niður störf. Er þetta fyrsta verkfall kvenna hér á landi.

**1933** Franklin Roosevelt, forseti Bandaríkjanna, lýsir yfir „bankafríi“. Öllum bönkum í landinu lokað og viðskipti stöðvuð sökum kreppunnar miklu.

**1933** Þýski Nasistaflokkurinn, með hinn mælska Adolf Hitler í broddi fylkingar, hlýtur tæp 44 prósent greiddra atkvæða í þingkosningum þar í landi.

**1938** Aftakaveður á landinu öllu. Mannvirki um land allt eyðilögðust. Þeirra á meðal voru hús á Húsavík sem fuku í heild af grunni sínum. Kraftaverk þykir að íbúar þeirra hafi lifað af.

**1940** Sex yfirmenn í sovéska Kommúnistaflokknum, þeirra á meðal Jósef Stalín, kvitta undir aftökuskipun á 25.700 pólskum háskólamönnum, blaðamönnum, hermönnum og flóttamönnum. Atburðurinn er þekktur sem fjöldamorðin í Katyn-skógi.

**1953** Jósef Stalín, þaulsætnasti leiðtogi Sovétríkjanna, andast.

**1970** Samningur um bann við útbreiðslu kjarnavopna tekur gildi eftir að 43 þjóðir fullgilda hann.

**1971** Alþýðubankinn hefur starfsemi sína.

**1982** Sovéska geimfarið Venera 14 lendir á Venus.



Jósef Stalín



Okkar ástkæra móðir, tengdamóðir og amma,

**Elísabet Ingólfsdóttir**

hjúkrunarfræðingur,

lést 27. febrúar síðastliðinn á dvalar- og hjúkrunarheimilinu Grund. Útför hennar fer fram frá Dómkirkjunni fimmtudaginn 8. mars klukkan 13. Þeim sem vildu minnast hennar er bent á að styðja við starf UNICEF á Íslandi.

**Ingólfur Örn Arnarsson** **Elísabet Indra Ragnarsdóttir**
**Þorlákur Jón Ingólfsson**
**Indriði Arnar Ingólfsson**
**Ragnar Steinn Ingólfsson**



Ástkær sambýliskona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Guðlaug Jóhanna Jónsdóttir**

(Góa)

Skessugili 7,

lést á Sjúkrahúsinu á Akureyri sunnudaginn 25. febrúar. Útförin fer fram frá Akureyrarkirkju föstudaginn 9. mars kl. 13.30.

**Rögnvaldur Egill Sigurðsson**
**Grétar Óli Sveinbjörnsson** **Ragnheiður G. Þorsteinsd.**
**Gunnar M. Sveinbjörnsson** **Lilja Finnbogadóttir**
**Margrét S. Sveinbjörnsdóttir**
**Angela Rós Sveinbjörnsdóttir**
**Friðbjörg Sveinbjörnsdóttir**
**Sigríður Sveinbjörnsdóttir** **Steinn Jóhann Jónsson**
**Regína Sveinbjörnsdóttir** **Tryggvi Aðalbjörnsson**
**Bylgja Sveinbjörnsdóttir** **Sigurgeir B. Hreinsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

# Ákveðin í að verða læknir frá því hún var þriggja ára

**Ragnheiður Martha Jóhannesdóttir er fyrst íslenskra kvenna til að leggja fyrir sig hjarta- og lungnaskurðlækningar. Fyrir rúmri viku framkvæmdi hún sína fyrstu hjartaaðgerð. Hún kveðst hafa beðið lengi eftir þessum tímamótum og að allt hafi gengið að óskum.**

Ragnheiður Martha er nývöknuð þegar slegið er á þráðinn til hennar síðdegis einn daginn. Hún hafði verið á næturvakt á sjúkrahúsinu í Umeå í Svíþjóð þar sem hún er með stöðu á hjarta- og lungnaskurðdeildinni og sérhæfir sig í þeirri grein lækninga sem þar er stunduð. Fyrsta spurning til hennar er: Er ekki kalt í Umeå?

„Það voru mínus 30 gráður í morgun, svo var sól í dag en þegar hún hvarf varð skítkalt aftur. En það er stillilogn. Ég geng bara um með trefil fyrir andlitinu.“

Fyrstu hjartaaðgerðina gerði Ragnheiður Martha fyrir rúmri viku. *Var það ekki sérstök tilfinning?*

„Jú, það er eitthvað sem ég er búin að bíða eftir lengi. Er auðvitað búin að aðstoða við margar aðgerðir og hef gert nokkrar minni lungnaaðgerðir en aldrei heila hjartaaðgerð frá upphafi til enda, svo það var stórt skref á ferlinum. Þetta var kransæðahjáveituaðgerð. Þá tekur maður æðar annars staðar frá og tengir fram hjá stíflunni. Saumar æðarnar saman með mjög þunnum þræði og fínum nálum því þær eru bara einn til tveir millimetrar á breidd. Ég var með sérfræðing sem leiðbeindi mér og fleira fagfólk kringum mig sem ég hef unnið með síðustu mánuðina, andrúmsloftið var þægilegt og allt gekk vel.“

Ragnheiður Martha er 31 árs. Hún kveðst hafa verið í skóla síðan hún var sex ára, fyrst í Grafarvoginum, svo í menntaskóla þaðan sem hún fór beint í læknisfræðina. Nú á hún tvö til þrjú ár eftir af sérnáminu. *Var hún snemma ákveðin í að verða læknir?*

„Já, eiginlega frá því ég man eftir mér. Ég var einmitt að tala við ömmu fyrir helgi og hún man að þriggja, fjögurra ára sagðist ég ætla að verða læknir.“

Hún hefur búið í Svíþjóð frá því í apríl 2015. „Ég er mjög ánægð og á deildinni hér í Umeå, þar er mér tekið eins og einni úr fjölskyldunni. Svo er maðurinn minn hér í byggingarvinnu og hefur nóg að gera. Við erum búin að kaupa okkur lóð úti í skógi og ætlum að byggja þar yfir okkur og hundinn en verðum að byrja á skógarhöggi.“



Ragnheiður Martha varð fyrst íslenskra kvenna til að gera hjartaskurðaðgerð.

*En komist þið í heimsóknir til Íslands fyrst þið fenguð ykkur hund?* „Já, það er úrval af fólki hér með próf í að passa hunda og hefur aðstöðu til þess. Við komum síðast heim í fyrrasumar. En það er nóg að gera hjá okkur. Svo eru tvö flug heim. Fyrst klukkutíma flug frá Umeå til Stokkhólms og svo þaðan heim. Þetta er smá spölur.“

Ragnheiður kveðst aðeins byrjuð að iðka skíðasport, enda segir hún nauðsynlegt að nýta snjóinn.

„Hér eru allir á gönguskíðum og það eru flottar leiðir út um allt. Svo er mikil hokkímenning hérna og allir krakkar á skautum. Nokkur ísilögð vötn eru í nágrenninu svo aðstæður til iðkunar eru góðar,“ segir Ragnheiður Martha Jóhannesdóttir skurðlæknir að lokum.

**gun@frettabladid.is**

ÞETTA GERÐIST 5. MARS 1970

# Ísland gekk í Fríverslunarsamtök Evrópu

„Mér er það mikil ánægja að taka hér til máls í fyrsta skipti sem fastafulltrúi Íslands hjá Fríverslunarsamtökum Evrópu. Aðild Íslands að EFTA er án efa þýðingarmikið skref í samskiptum okkar við aðrar þjóðir,“ sagði Einar Benediktsson, fyrsti fastafulltrúi Íslands hjá EFTA. Ísland fékk inngöngu í EFTA þennan dag fyrir 48 árum.

EFTA var stofnað árið 1960 af Austurríki, Danmörku, Noregi, Portúgal, Svíþjóð, Sviss og Bretlandi. Var svæðið hugsað fyrir þær þjóðir sem ekki höfðu hug á því að verða aðilar að Efnahagsbandalagi Evrópu en það var fyrirrennari Evrópusambandsins. Síðar bættust Finnland, Liechtenstein og Ísland í EFTA en nú standa aðeins þau tvö síðastnefndu, auk Noregs og Sviss, eftir. Önnur ríki hafa gengið í ESB.

„Það er skoðun ríkisstjórnarinnar, að með því móti mundi verða stigið eitt stærsta sporið, sem lengi hefur verið stigið, til þess að gera íslenskt atvinnulíf öflugra og fjölbreyttara og leggja traustan grundvöll að áframhaldandi framförum og lífskjarabótum á Íslandi,“ sagði Gylfi Þ. Gíslason, þá menntamálaráðherra, þegar hann mælti fyrir þingsályktunartillögu um inngöngu Íslands í EFTA á þingfundi skömmu fyrir jól 1969.



**Frá ráðherrafundi EFTA í Vestmannaeyjum árið 2014.** FRÉTTABLAÐIÐ/ÓSKAR FRIÐRIKSSON

Margir þingmenn vildu efna til þjóðaratkvæðagreiðslu um inngönguna en hún var felld á þinginu. Að lokum var inngangan í samtökin samþykkt með 34 atkvæðum gegn sjö. Þingmenn Framsóknarflokksins sátu hjá við afgreiðslu málsins.

THULE SWEDEN

# Skíða- og snjóbrettabogar




Stilling
Allt fyrir bílinn
Stilling hf. | Sími 520 8000 | www.stilling.is | stilling@stilling.is

# VEÐUR, MYNDASÖGUR & ÞRAUTIR

## Mánudagur

Norðan og norðaustan 8-15 m/s í dag en 15-20 sunnan Vatnajökuls. Snjókoma eða él, einkum um landið austanvert, en þurrt og bjart veður suðvestan til. Frost 0 til 8 stig.




## Þriðjudagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| 1° | -3° | -5° |
| ← 11 | ← 6 | ↖ 2 |
| **Egilsstaðir** | **Kirkjubæjarkl.** | **Hveravellir** |
| -2° | -1° | -6° |
| ↓ 6 | ↙ 6 | ← 8 |

## Miðvikudagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| -0° | -4° | -5° |
| ← 9 | ← 8 | ↘ 2 |
| **Egilsstaðir** | **Kirkjubæjarkl.** | **Hveravellir** |
| -4° | -1° | -8° |
| ↓ 10 | ↙ 6 | ↙ 7 |

### LÉTT

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 5 | | 3 | | | | | 1 |
| | | 3 | 6 | 1 | | 2 | 9 | |
| 7 | | | 8 | | | | | |
| 4 | | 7 | | | | 6 | | |
| 3 | | | | 4 | | | 1 | |
| | 1 | | 2 | 3 | | 4 | | 5 |
| 5 | 7 | | | | | | 2 | 8 |
| | 8 | 2 | 1 | 7 | | 5 | | |
| | | 4 | | | | | | |

### MIÐLUNGS

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 2 | | | 8 | 4 | | | | |
| 3 | | | | 5 | | | 9 | |
| | 7 | 8 | 9 | | | | | 5 |
| | | 9 | 2 | | | 6 | 1 | |
| | | 3 | | | | | 2 | 7 |
| | 1 | | | 7 | 9 | 4 | | |
| | | 7 | 1 | | | 3 | 8 | |
| | | | 3 | 9 | | | 6 | |
| | | | | | 8 | 1 | | |

### ÞUNG

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | 5 | | | 6 | 7 | | |
| 1 | 2 | 9 | | 7 | | | 8 | |
| | | | | | | | | 9 |
| | 3 | | | | | | 4 | |
| | | 6 | | | | 9 | 5 | |
| 8 | | 7 | | 1 | | 3 | | |
| | | 4 | | 2 | 9 | | 6 | |
| 9 | | 1 | 5 | | | | | 4 |
| | | | | | | | | 8 |

## Krossgáta

**LÁRÉTT**
1. afhending
5. draup
6. einnig
8. presta
10. fæddi
11. for
12. hönd
13. ógæfa
15. slappur
17. þarma

**LÓÐRÉTT**
1. vínandi
2. bylta
3. atvikast
4. hindrun
7. gluggatjald
9. mótlæti
12. dæsa
14. tækifæri
16. tveir eins



**LÁRÉTT: 1.** afsal, **5.** lak, **6.** og, **8.** klerka, **10.** ól, **11.** aur, **12.** mund, **13.** ólán, **15.** lasinn, **17.** garna.
**LÓÐRÉTT: 1.** alkóhól, **2.** fall, **3.** ske, **4.** lokun, **7.** gardína, **9.** raunir, **12.** mása, **14.** lag, **16.** nn.

## Skák Gunnar Björnsson

Halldór Grétar Einarsson (Breiðablik/Bolungarvík) átti leik gegn Margeiri Péturssyni (TR) á Íslandsmóti skákfélaga um helgaina.

**Hvítur á leik**

**24. Re4! Kb7** (24.... fxe4 25. Hb3) **25. Rc5+ Ka8 26. Dc4 Be8 27. Rxe6 1-0.** Víkingaklúbburinn vann öruggan sigur á Íslandsmóti skákfélaga. Í dag teflir Nihal Sarin Fischer-slembiskákarfjöltefli í höfuðstöðvum GAMMA kl. 13. Áhorfendur velkomnir.

**www.skak.is:** Allt um Íslandsmót skákfélaga.



| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 7 | 6 | 9 | 4 | 3 | 1 | 5 | 8 | 2 |
| 3 | 8 | 5 | 9 | 2 | 6 | 1 | 4 | 7 |
| 1 | 4 | 2 | 5 | 7 | 8 | 6 | 9 | 3 |
| 4 | 1 | 6 | 2 | 5 | 7 | 8 | 3 | 9 |
| 8 | 5 | 7 | 1 | 9 | 3 | 2 | 6 | 4 |
| 9 | 2 | 3 | 6 | 8 | 4 | 7 | 5 | 1 |
| 2 | 3 | 8 | 7 | 4 | 5 | 9 | 1 | 6 |
| 5 | 7 | 1 | 3 | 6 | 9 | 4 | 2 | 8 |
| 6 | 9 | 4 | 8 | 1 | 2 | 3 | 7 | 5 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 7 | 6 | 3 | 8 | 1 | 4 | 9 | 2 | 5 |
| 8 | 9 | 5 | 7 | 2 | 6 | 4 | 1 | 3 |
| 4 | 1 | 2 | 9 | 3 | 5 | 6 | 7 | 8 |
| 3 | 4 | 9 | 6 | 7 | 2 | 5 | 8 | 1 |
| 1 | 5 | 7 | 3 | 4 | 8 | 2 | 6 | 9 |
| 2 | 8 | 6 | 5 | 9 | 1 | 3 | 4 | 7 |
| 5 | 2 | 8 | 1 | 6 | 3 | 7 | 9 | 4 |
| 6 | 7 | 1 | 4 | 5 | 9 | 8 | 3 | 2 |
| 9 | 3 | 4 | 2 | 8 | 7 | 1 | 5 | 6 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 8 | 2 | 4 | 9 | 3 | 5 | 1 | 6 | 7 |
| 3 | 9 | 7 | 2 | 6 | 1 | 8 | 4 | 5 |
| 1 | 5 | 6 | 7 | 8 | 4 | 3 | 2 | 9 |
| 6 | 1 | 5 | 8 | 9 | 7 | 4 | 3 | 2 |
| 7 | 3 | 8 | 1 | 4 | 2 | 9 | 5 | 6 |
| 2 | 4 | 9 | 6 | 5 | 3 | 7 | 8 | 1 |
| 9 | 7 | 3 | 5 | 2 | 8 | 6 | 1 | 4 |
| 4 | 6 | 2 | 3 | 1 | 9 | 5 | 7 | 8 |
| 5 | 8 | 1 | 4 | 7 | 6 | 2 | 9 | 3 |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

## Pondus

Eftir Frode Øverli




## Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman










# GLAMOUR

# ÁSKRIFTARTILBOÐ

5 tölublöð af Glamour, send heim að dyrum + EGF Serum frá Bioeffect

## AÐEINS 9.990 kr.

Heildarverðmæti pakkans er 19.900 kr.













EGF serum húðdroparnir frá Bioeffect eru margverðlaunuð vara sem hefur farið sigurför um heiminn. Öflugt og hreint serum sem eykur kollagen- og elastínmyndun húðarinnar, auk þess að draga úr hrukkum, gefur henni meiri raka og eykur þykkt hennar.

* Aðeins takmarkað magn í boði
– fyrstir koma, fyrstir fá!

## Þrjár auðveldar leiðir til að skrá sig í áskrift

1. Farðu inn á Glamour.is og skráðu þig í áskrift
2. Hringdu í síma: 512 5550
3. Sendu okkur tölvupóst á glamour@glamour.is

FYLGSTU MEÐ OKKUR Á SAMFÉLAGSMIÐLUNUM

Facebook – Glamour Iceland
Instagram @glamouriceland #glamouriceland
Twitter - GlamourIceland

LÁTTU ÞÉR LÍÐA VEL

*í sófa frá Lúr*

Mikið úrval af litum í tau- og leður áklæðum.



Með hallandi baki, má standa nánast upp við vegg.

**Riccardo**

Glæsilegur tungusófi með öllum sætum rafstillanlegum. Hægri eða vinstri tunga.



Með hallandi baki, má standa nánast upp við vegg.

**Isabella**

Sófi sem er í senn glæsilegur og þægilegur. Með hand- eða rafstýrðum hvíldarstólum í öllum sætum.



Með hallandi baki, má standa nánast upp við vegg.

**Grace**

Fáanlegur sem hægri eða vinstri tunga. Rafstillanlegur hægindarstóll í enda. Nokkrir litir í boði, alklæddur leðri eða slitsterku áklæði.



Með hallandi baki, má standa nánast upp við vegg.

**Ermes**

ERMES sófinn er fáanlegur í fjöldamörgum útfærslum svo sem tveggja, þriggja eða fjögurra sæta. Öll sæti með rafstýrðum skemlum.



Með hallandi baki, má standa nánast upp við vegg.

**Mobius**

Hægindasófinn er með hvíldarstólum í hvorum enda, handstillanlegum eða rafstillanlegum. Alklæddur leðri eða vönduðu tauáklæði og fáanlegur í fjölmörgum litum.

VERIÐ VELKOMIN Í HEIMSÓKN

Opið alla virka daga
10-18. Lau. 11-16

Suðurlandsbraut 24
108 Reykjavík 554 6969
lur@lur.is www.lur.is

LÚR BETRI HVÍLD




# Fjölmennt á opnun Björns Roth



Listamaðurinn Björn Roth opnaði sýninguna Taugasallöt í BERG Contemporary á laugardaginn. Á sýningunni eru olíumálverk og vatnslitamyndir frá síðastliðnum árum. Það var fjölmennt á opnuninni. Ármann Reynisson lét sig ekki vanta og færði Birni bókina Vinjettur XVII. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

## Hvað? Hvenær? Hvar?

Mánudagur

hvar@frettabladid.is

## 5. MARS 2018

### Tónlist

**Hvað?** Nemendaópera
**Hvenær?** 19.30
**Hvar?** Harpa
Nemendaópera Söngskólans í Reykjavík sýnir óperettuna Leðurblökuna eftir J. Strauss II í Norðurljósasal Hörpu. Stjórnandi er Garðar Cortes, leikstjórn er í höndum Sibylle Köll og tónlistarstjóri er Hrönn Þráinsdóttir. Hljómsveit er skipuð félögum úr Sinfóníuhljómsveit Íslands. Í óperettunni mætast fallegar melódíur og húmor í góðum kokteil.

### Fyrirlestrar

**Hvað?** Foreldrar eru bestir í forvörnum
**Hvenær?** 17.00
**Hvar?** Akademían, Sunnubraut 35, Keflavík
Heimili og skóli og Rannsóknir og greining bjóða upp á fræðslu fyrir foreldra barna í 8.-10. bekk og fyrstu bekkjum framhaldsskóla. Rannsóknir hafa sýnt að stuðningur og viðhorf foreldra skipta gríðarlegu máli þegar kemur að námsárangri og líðan og forvörnum gegn áfengis- og vímuefnaneyslu. Margrét Lilja, sérfræðingur hjá Rannsóknum og greiningu, fjallar um niðurstöður rannsókna meðal barna og unglinga í okkar sveitarfélagi og Bryndís Jónsdóttir frá Heimili og skóla fjallar um mikilvægi foreldra í forvörnum og 18 ára ábyrgð.



**Viðhorf foreldra skiptir miklu máli þegar kemur að vímuefnaforvörnum samkvæmt rannsóknum sem verða ræddar á fundi í Akademíunni í Keflavík í dag.** NORDICPHOTOS/GETTY

**Hvað?** Jafnréttisparadísin Ísland?
**Hvenær?** 14.00
**Hvar?** Kvennaheimilið Hallveigarstaðir, Túngötu 14
Félag kvenna í lögmennsku kynnir málþing með yfirskriftinni „Jafnréttisparadísin Ísland“? Tilefnið er heimsókn félagsins Womens Bar Association frá New York. „Og ætlum við að ræða hvort við búum raunverulega við það jafnrétti sem við teljum okkur hafa náð fram með lögum og reglum,“ segir í tilkynningu. Málþingið verður í Kvennaheimilinu Hallveigarstöðum í sal á neðri hæð hússins. Málþingið verður á ensku. Fundarstýra er Helga Vala Helgadóttir þingkona.

**Hvað?** Konur í upplýsingatækni - WiDS, Women in Data Science
**Hvenær?** 14.00
**Hvar?** Háskólinn í Reykjavík
Haldið í stofu M209 í Háskólanum í Reykjavík. WiDS (Women in Data Science) er ráðstefna sem haldin er árlega á vegum Stanford-háskóla í Bandaríkjunum með það




BÍÓ PARADÍS HAPPY HOUR Á BARNUM 17-19

November Q&A ........ 18:00
Montparnasse Bienvenúe ENG SUB ........ 18:00
A Fantastic Woman ENG SUB ........ 20:15
Double Lover ENG SUB ........ 20:00
Call Me By Your Name ENG SUB ........ 20:00
Before We Vanish ENG SUB ........ 22:15
The Nothing Factory ENG SUB ........ 22:00
Three Billboards Outside Ebbing Missouri ........ 22:30



að markmiði að styrkja og efla konur í tölvunarfræði og skyldum greinum. Samtímis ráðstefnunni í Stanford er hún haldin á yfir 50 stöðum víða um heim og verður nú haldin í annað sinn hér á landi, í Háskólanum í Reykjavík. Viðburðurinn er skipulagður í samstarfi við /sys/tur, félag kvenna í tölvunarfræði við HR. Tilgangurinn með WiDS-ráðstefnunni er að skapa vettvang til að miðla nýjustu tækni og rannsóknum í greininni, veita tækifæri til að læra af reynslu leiðandi fyrirtækja í tækni- og tölvugeiranum og efla tengsl milli kvenna í atvinnugreininni.



**Helga Vala stýrir fundinum Jafnréttisparadísin Ísland?** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

## Uppákomur

**Hvað?** Festival Talk with Steve Gravestock
**Hvenær?** 17.00
**Hvar?** Bíó Paradís
Steve Gravestock er dagskrárstjóri TIFF-Toronto International Film Festival, einnar stærstu kvikmyndahátíðar í heiminum. Með þessum viðburði gefst einstakt tækifæri á að hitta og spjalla við Steve, m.a. um það hvernig kvikmyndir eru valdar inn á kvikmyndahátíðir og hvernig dagskrá kvikmyndahátíða er ákveðin. Athugið að viðburðurinn hefst kl. 17 en ekki kl. 15 eins og auglýst var í hátíðarbæklingi. Beðist er velvirðingar á þessum mistökum.

**Hvað?** Kaffihittingur Málbjargar
**Hvenær?** 20:30
**Hvar?** Café Babalú
Málbjörg er félag fyrir fólk sem stamar og aðstandendur þess. Markmið félagsins er að stuðla að umræðu um stam og vera vettvangur fyrir sjálfshjálp. Hér gefst meðlimum Málbjargar að hittast og ræða saman.

**Hvað?** Skraflkvöld
**Hvar?** Veður, Klapparstíg 33
**Hvenær?** 19.00
Skraflfélag Íslands heldur skraflkvöld.

**Hvað?** Málefnafundur um dýraréttindi
**Hvenær?** 18.00
**Hvar?** Píratar, Síðumúla 23
Píratar ræða málefni dýra.

**Hvað?** Frambjóðendur til stjórnar VR kynna sig
**Hvenær?** 19.30
**Hvar?** Nauthóll
Frambjóðendur til stjórnar VR kjörtímabilið 2018-2020 kynna sig og áherslur sínar á félagsfundi VR á Nauthól, Nauthólsvegi 106. 27 aðilar bjóða sig fram til sjö sæta í stjórn. Allir VR félagar velkomnir.



**Lítið hefur spurst til Hildar Völu í 12 ár.** FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

# Hildur Vala sendir frá sér sína þriðju plötu eftir tólf ára hlé

Tónlistarkonan Hildur Vala, sem margir muna eftir sem sigurvegara Idol-keppninnar árið 2005, var að senda frá sér sína þriðju sólóplötu eftir 12 ára hlé. Af því tilefni heldur hún útgáfutónleika í Salnum, Kópavogi, næsta föstudag. „Þriðja sólóplata hennar, Geimvísindi, leit dagsins ljós í vikunni en í ár eru heil tólf ár síðan hún sendi síðast frá sér hljómplötu," segir í tilkynningunni um tónleikana. Í tilkynningunni kemur einnig fram að Hildur verður með hljómsveit sér til halds og trausts á tónleikunum og svo munu einnig góðir gestir koma fram, svo sem Hljómsveitin Eva og tónlistarmaðurinn Svavar Knútur. Áhugasamir geta nálgast miða á tónleika Hildar Völu á tix.is og á salurinn.is. **– gha**


BLÓÐGJAFAFÉLAG ÍSLANDS
The blood donors society of Iceland
Ég gef blóð · Ég bjarga lífi

AÐALFUNDUR

Blóðgjafafélags Íslands verður haldinn fimmtudaginn 8. mars 2018 kl: 19:30 í Hringssal Landspítala Háskólasjúkrahúss við Hringbraut.

**Dagsskrá:**

1. Venjuleg aðalfundarstörf
2. Fræðsluerindi
3. Afhending viðurkenninga
4. Önnur mál

Veitingar í lok fundar, fundurinn er öllum opinn.

**Stjórn Blóðgjafafélags Íslands**











**UM LAND ALLT**
KL. 19:25

Kristján Már Unnarsson skoðar gamla varnarsvæðið á Keflavíkurflugvelli í fylgd Friðþórs Eydal. Þar var bandarísk herstöð í meira en hálfa öld og millilandaflugstöð Íslands var inni í amerísku samfélagi, sem var sjötta fjölmennasta byggð landsins. Þar giltu önnur lög og Kanasjónvarpið, klúbbarnir og bjórinn freistuðu Íslendinga.

Magnað
**Mánudagskvöld**
Fáðu þér áskrift á **365.is**




**SHETLAND**
KL. 20:30

Vandaðir breskir sakamálaþættir frá BBC um lögreglumanninn Jimmy Perez sem starfar á Hjaltlandseyjum og fær inn á borð til sín afar snúin sakamál. Íslensku leikararnir Arnmundur Björnsson og Jóhann G. Jóhannsson fara með stór hlutverk í þáttunum.

**CARDINAL**
KL. 21:30

Sögusviðið er smábær við Alqonquin-flóa í Kanada þar sem rannsóknarlögreglumennirnir John Cardinal og Lise Delorme takast á við sérlega flókin og ofbeldisfull sakamál.



**MOSAIC**
KL. 22:15

Hver myrti Oliviu Lake? Saga hennar hefst þegar líf hennar endar og reynt að finna morðingjann með öllum ráðum. Hörkuspennandi þættir úr smiðju HBO með Sharon Stone í aðalhlutverki.



**THE PATH**
KL. 23:05

Þrælgóðir þættir um Eddie Lane sem gekk í öfgafullan sértrúarsöfnuð. Hann er nú milli steins og sleggju því hann hefur kynnst spillingunni sem söfnuðinum fylgir.



Allt þetta og meira til
á aðeins 333 kr. á dag.




365.is

# DAGSKRÁ

# Mánudagur

## STÖÐ 2

**07.00** The Simpsons
**07.20** Kalli kanína og félagar
**07.40** The Middle
**08.05** 2 Broke Girls
**08.30** Ellen
**09.15** Bold and the Beautiful
**09.35** Hell's Kitchen
**10.20** Masterchef USA
**11.00** Kevin Can Wait
**11.25** Sælkeraheimsreisa um Reykjavík
**11.50** Empire
**12.35** Nágrannar
**13.00** American Idol
**14.35** American Idol
**16.05** The Bold Type
**16.55** Bold and the Beautiful
**17.20** Nágrannar
**17.45** Ellen
**18.30** Fréttir Stöðvar 2
**18.55** Ísland í dag
**19.10** Sportpakkinn
**19.20** Fréttayfirlit og veður
**19.25** Um land allt
**20.05** The New Girl
**20.30** **Shetland** Vandaðir breskir sakamálaþættir frá BBC. Þættirnir fjalla um lögreglumanninn Jimmy Perez sem starfar í afskekktum bæ á Hjaltlandseyjum og fær inn á borð til sín snúin sakamál inn á borð til sín.
**21.30** Cardinal
**22.15** **Mosaic** Hörkuspennandi þættir úr smiðju HBO og Stevens Soderbergh með Sharon Stone í aðalhlutverki. Í þáttunum er reynt að komast að því hvað hafi í raun komið fyrir barnabókahöfundinn Oliviu Lake sem var myrt á hrottalegan hátt. Saga hennar hefst þegar líf hennar endar og farið verður yfir aðdraganda andláts hennar á allan mögulegan hátt.
**23.05** The Path
**00.40** 60 Minutes
**01.25** Gone
**02.10** Strike Back
**02.55** Knightfall
**03.40** The Deuce
**04.25** Behaving Badly

## STÖÐ 2 SPORT

**08.15** ÍR - Haukar
**09.55** Brighton - Arsenal
**11.35** Manchester City - Chelsea
**13.15** Messan
**14.45** Domino's-körfuboltakvöld 2017/2018
**16.25** ÍR - Haukar
**18.05** Meistaradeild Evrópu - fréttaþáttur 2017/2018
**18.30** Football League Show 2017/18
**19.00** Stjarnan - Keflavík
**21.30** Domino's-körfuboltakvöld 2017/2018
**23.10** Spænsku mörkin 2017/2018
**23.40** Crystal Palace - Manchester United

## STÖÐ 2 SPORT 2

**09.35** Barcelona - Atlético Madrid
**11.15** Freiburg - B. München
**12.55** Washington Wizard - Toronto Raptors
**14.50** Southampton - Stoke City
**16.30** Watford - WBA
**19.50** Crystal Palace - Manchester United
**22.00** Messan
**23.30** Stjarnan - Keflavík

## STÖÐ 3

**18.10** Fresh Off The Boat
**18.35** Entourage
**19.05** Modern Family
**19.30** Catastrophe
**20.00** Seinfeld
**20.25** Friends
**20.50** Angie Tribeca
**21.15** American Horror Story: Cult
**22.00** The Last Ship
**22.45** iZombie
**23.25** The Strain
**00.35** Entourage
**01.05** Modern Family
**01.25** Seinfeld
**01.50** Friends
**02.15** Tónlist

## STÖÐ 2 KRAKKAR

**07.25** Hvellur keppnisbíll
**07.37** Ævintýraferðin
**07.49** Gulla og grænjaxlarnir
**08.00** Stóri og litli
**08.13** Víkingurinn Viggó
**08.27** K3
**08.38** Mæja býfluga
**08.50** Kormákur
**09.00** Dóra könnuður
**09.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar
**09.47** Doddi litli og Eyrnastór
**10.00** Áfram Diego, áfram!
**10.24** Svampur Sveins
**10.49** Lalli
**10.55** Rasmus Klumpur og félagar
**11.00** Strumparnir
**11.25** Hvellur keppnisbíll
**11.37** Ævintýraferðin
**11.49** Gulla og grænjaxlarnir
**12.00** Stóri og litli
**12.13** Víkingurinn Viggó
**12.27** K3
**12.38** Mæja býfluga
**12.50** Kormákur
**13.00** Dóra könnuður
**13.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar
**13.47** Doddi litli og Eyrnastór
**14.00** Áfram Diego, áfram!
**14.24** Svampur Sveins
**14.49** Lalli
**14.55** Rasmus Klumpur og félagar
**15.00** Strumparnir
**15.25** Hvellur keppnisbíll
**15.37** Ævintýraferðin
**15.49** Gulla og grænjaxlarnir
**16.00** Stóri og litli
**16.13** Víkingurinn Viggó
**16.27** K3
**16.38** Mæja býfluga
**16.50** Kormákur
**17.00** Dóra könnuður
**17.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar
**17.47** Doddi litli og Eyrnastór
**18.00** Áfram Diego, áfram!
**18.24** Svampur Sveins
**18.49** Lalli
**18.55** Rasmus Klumpur og félagar
**19.00** Artúr og Mínímóarnir

## GOLFSTÖÐIN

**09.00** World Golf Championship 20
**15.00** World Golf Championship 20
**21.00** PGA Highlights 2018
**21.55** Golfing World 2018
**22.45** PGA Highlights 2018
**23.40** Golfing World 2018

## STÖÐ 2 BÍÓ

**11.05** Steinaldarmennirnir
**12.35** Steve Jobs
**14.35** Madame Bovary
**16.30** Steinaldarmennirnir
**18.00** Steve Jobs
**20.00** **Madame Bovary** Dramatísk mynd frá 2014 sem fjallar um bóndadótturina Emmu Rouault sem giftist lækninum Charles Bovary til að losna undan sveitalífinu og í von um að lifa rómantísku og hamingjuríku lífi yfirstéttarfólksins. Sagan um frú Bovary eftir franska rithöfundinn Gustave Flaubert er sígilt meistaraverk og einstök samtímalýsing á lífi og lífsgildum fólks í Frakklandi um miðja nítjándu öld.
**22.00** Public Enemies
**00.20** Blood Ties
**02.25** Ouija: Origin of Evil
**04.05** Public Enemies

## RÚV

**11.40** Óskarsverðlaunahátíðin 2018
**15.45** Gettu betur
**16.50** Silfrið
**17.50** Táknmálsfréttir
**18.00** KrakkaRÚV
**18.01** Elías
**18.12** Letibjörn og læmingjarnir
**18.19** Alvin og íkornarnir
**18.30** Millý spyr
**18.37** Uss-Uss!
**18.48** Gula treyjan
**18.50** Krakkafréttir
**19.00** Fréttir
**19.25** Íþróttir
**19.30** Veður
**19.35** Kastljós
**19.50** Menningin
**20.00** Skýjaborg
**21.10** Sýknaður
**22.00** Tíufréttir
**22.15** Veður
**22.20** Óskarsverðlaunin - samantekt
**23.55** Saga HM: Svíþjóð 1958
**01.20** Kastljós
**01.35** Menningin
**01.40** Dagskrárlok

## SJÓNVARP SÍMANS

**06.00** Síminn + Spotify
**08.00** King of Queens
**08.24** Dr. Phil
**09.11** The Tonight Show Starring Jimmy Fallon
**10.00** The Late Late Show with James Corden
**10.45** Síminn + Spotify
**13.10** Dr. Phil
**13.52** Superior Donuts
**14.16** Scorpion
**15.01** Speechless
**15.25** The Fashion Hero
**16.21** Everybody Loves Raymond
**16.46** King of Queens
**17.09** How I Met Your Mother
**17.32** Dr. Phil
**18.15** The Tonight Show Starring Jimmy Fallon
**19.03** The Late Late Show with James Corden
**19.45** Playing House
**20.10** Jane the Virgin
**21.00** Hawaii Five-0
**21.50** Blue Bloods
**22.35** Chance
**23.25** The Tonight Show Starring Jimmy Fallon
**00.45** CSI
**01.30** Madam Secretary
**02.15** This Is Us
**03.05** The Gifted
**03.50** Ray Donovan
**04.40** Síminn + Spotify

## ÚTVARP

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 89,5** Retro
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** K100
**FM 102,9** Lindin




**ILVA Korputorgi**, s: 522 4500 www.ILVA.is
laugardaga 10-18, sunnudaga 12-18, mánudaga - föstudaga 11-18:30
Netgíró
FACEBOOK.COM/ILVAISLAND
INSTAGRAM.COM/ILVAISLAND



Ógrynni einnota sogröra úr plasti fer í ruslið á degi hverjum. Vonandi munu slík plaströr heyra sögunni til í framtíðinni. NORDICPHOTOS/GETTY

# Sögðu skilið við plaströr um helgina

Um helgina var tilkynnt að á Prikinu, Húrra og Bravó væri ekki lengur hægt að fá drykkjarrör úr plasti. Áætlað er að áður hafi um 1.500-2.000 plaströr endað í ruslinu á viku, bara á Prikinu.

Margt fólk og fyrirtæki reyna nú að draga úr plastnotkun með ýmsum hætti til að sporna gegn plastmengun sem er stórt vandamál víða um heim. Sem dæmi um fyrirtæki sem tók nýverið skref í átt að minni plastnotkun má nefna Mjólkursamsöluna. „Nú tökum við aftur jákvætt skref í umhverfismálum og drögum úr plastnotkun með því að hætta að setja rör á G-mjólkina. Minna plast og enn auðveldara að skila til endurvinnslu," sagði í tilkynningu MS sem birtist seint í síðasta mánuð.

Dæmi um önnur fyrirtæki sem vinna nú að því að minnka plast eru veitinga- og skemmtistaðirnir Prikið, Húrra og Bravó en um helgina var tilkynnt að á þeim stöðum væri hætt að bjóða viðskiptavinum upp á sogrör úr plasti. Áætlað er að áður hafi um 20.000 plaströr endað í ruslinu á mánuði á þessum stöðum.

„Ef við tökum bara Prikið, þá eru það um 1.500-2.000 rör sem sparast á viku," segir Geoffrey Þór Huntington-Williams, framkvæmdastjóri Priksins. „Og ef við tökum Bravó og Húrra með í dæmið líka, þá er þetta rosalegt magn sogröra á mánuði," segir Geoffrey sem hefur einnig yfirumsjón með rekstri Bravó og Húrra.

**EF VIÐ TÖKUM BARA PRIKIÐ, ÞÁ ERU ÞAÐ UM 1.500-2.000 RÖR SEM SPARAST Á VIKU.**



Geoffrey hefur umsjón með rekstri Priksins, Húrra og Bravó.

Geoffrey segir starfsfólk Priksins stöðugt vera að leita leiða til þess að minnka sorp. „Við erum alltaf að reyna að taka skref í rétta átt og þetta er mjög eðlileg þróun," útskýrir hann.

Hann segir fyrstu viðbrögð vera góð. „Viðbrögðin hafa verið vægast sagt góð, þetta er eitthvað sem fólk vill."

Geoffrey bætir við að það fólk sem þarf á sogrörum að halda geti fengið papparör. „Auðvitað verða einhver rör í boði fyrir það fólk með vantar nauðsynlega rör, til dæmis ung börn og annað fólk sem á erfitt með að drekka úr glasi, þá bjóðum við upp á papparör í staðinn. Svo hefur fólk sagt okkur frá fjölnota málmrörum og við erum að skoða þetta allt saman. En við tökum allavega plastið út."

Spurður út í hvort hann sjái fyrir sér að aðrar og svipaðar breytingar verði gerðar á þessum stöðum á næstu misserum segir hann: „Það er ekkert ákveðið en við höldum alltaf áfram því þetta eru kannski litlir hlutir og litlar ákvarðanir sem geta skilað miklu."

gudnyhronn@frettabladid.is

## Opið fyrir skráningar í Miss Universe Iceland

Fegurðarsamkeppnin Miss Universe mun fara fram í þriðja sinn hér á landi í haust. Manuela Ósk Harðardóttir, sem er framkvæmdastjóri og eigandi keppninnar hér á landi, segir keppnina í mikilli sókn hérlendis.

Keppnin í ár verður með glæsilegra móti og enn er hægt að sækja um en umsóknarfresturinn rennur út fimmtudaginn 15. mars. Aldurstakmarkið í keppnina er 18-28 ára og allir áhugasamir umsækjendur geta sent póst á missuniverseiceland@gmail.com eða leitað upplýsinga á vefslóð keppninnar, missuniverseiceland.com. Þeir sem eru áhugasamir um keppnina geta fylgst með undirbúningnum á snapchat @missuniverseice og á instagram @missuniverseiceland.




Manuela Ósk og Arna Ýr saman í Las Vegas í vetur þar sem Arna Ýr keppti sem fulltrúi Íslands í Miss Universe.

Sú stúlka sem hreppir titilinn Miss Universe Iceland mun keppa í alþjóðlegri keppni í lok árs. Aðstandendur Miss Universe eru með heilmikla góðgerðarstarfsemi og verður eitt meginhlutverk stúlkunnar sem vinnur að vera sendiherra keppninnar og sinna ýmsum góðgerðarstörfum víðsvegar um heiminn. Keppnin í ár er haldin í 67. sinn en ekki er enn ljóst hvar hún verður haldin.

– áhg

**SÍMAR AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Elmar Hallgríms Hallgrímsson *elmar@frettabladid.is* **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 512-5401:** Gústaf Bjarnason *gustaf@frettabladid.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*, Sigfús Örn Einarsson *sigfus@frettabladid.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@frettabladid.is* **FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli@*frettabladid.is*, Jón Ívar Vilhelmsson *jonivar@frettabladid.is*, Ólafur H. Hákonarson *olafurh@frettabladid.is*, Máté Dalmay *mate@frettabladid.is* **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Elín Albertsdóttir *elin@frettabladid.is* og Ragnheiður Tryggvadóttir *heida@frettabladid.is* **RAÐAUGLÝSINGAR / FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@frettabladid.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@frettabladid.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@frettabladid.is*, Guðrún Inga Grétarsdóttir gudruninga@*frettabladid.is*

HELGAR SPRENGJA
LOKADAGUR
Í DAG MÁNUDAG



ACURA
Borðstofustóll. Dökkgrátt áklæði með svörtum stálfótum eða aski. Og svart leður með svörtum stálfótum eða aski.

Áklæði með stálfótum
17.995 kr.
~~35.990 kr.~~

Áklæði með viðarfótum
19.995 kr.
~~39.990 kr.~~

Leður með stálfótum
19.995 kr. ~~39.990 kr.~~

Leður með viðarfótum
21.995 kr. ~~43.990 kr.~~

50% AFSLÁTTUR



EASY
Tungusófi. Tunga getur verið bæði vinstra og hægra megin. Ljós- eða dökkgrátt áklæði.
St.: 232 x 145 x 85 cm

35% AFSLÁTTUR

110.494 kr. ~~169.990 kr.~~



35% AFSLÁTTUR

WARREN Sófasett frá Broyhill. Hágæða brúnt leður.

2ja sæta: 170 × 95 × 92 cm
259.994 kr. ~~399.990 kr.~~

3ja sæta: 225 × 95 × 92 cm
279.494 kr. ~~429.990 kr.~~

Stóll
207.994 kr.
~~319.990 kr.~~

HÚSGAGNA HÖLLIN
www.husgagnahollin.is
558 1100







# CR-V

## Á HONDA BETRA VERÐI

Við lögðum af stað með meira. Meira pláss til að gera góða hluti, eiga góða daga, meira af góðum ferðum.  Meiri bíl til að treysta á, aflmeiri, hagkvæmari, sparneytnari.  Meira af því sem við gerum vel - gert enn betur.
**Já, og meira fyrir peninginn.**

**SÉRVALDIR HONDA CR-V Á SÉRSTÖKU TILBOÐSVERÐI**

**VERTU MEIRA TIL Á MEST SELDA BORGARJEPPA Í HEIMI**

HONDA CR-V 4X4 SJÁLFSKIPTUR VERÐ FRÁ KR. 5.390.000

**Bernhard ehf** • **Vatnagörðum 24-26 • 104 Reykjavík • Sími 520 1100 • www.bernhard.is**
**Umboðsaðilar:** Bernhard, Reykjanesbæ • Bílver, Akranesi • Höldur, Akureyri • Bragginn, Vestmannaeyjum

HONDA

FRÉTTABLAÐIÐ
**Við segjum fréttir** Smáauglýsingasíminn og skiptiborð **512 5800**
**Ritstjórn** 512 5801 ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild** 512 5401 auglysingar@frettabladid.is **Prentun** Ísafoldarprentsmiðja

ÞÚ GETUR NÁLGAST FRÍTT EINTAK AF FRÉTTABLAÐINU VÍÐSVEGAR UM LANDIÐ.
Óskir þú eftir því að fá blaðið í áskrift, hafðu samband við Póstdreifingu.
FRÉTTABLAÐIÐ mest lesna dagblað landsins.
Póst dreifing **Dreifing** dreifing@postdreifing.is
**Ef blaðið berst ekki** 800 1177

**BAKÞANKAR**

Guðmundar Brynjólfssonar



# Keli þjófur

Keli Kela komst með brögðum inn í Landssamband bakarameistara. Alkunna er að hann tók ófrjálsri hendi uppskrift að sandköku sem hinn grandvari og vandaði kökugerðarmaður Nói Briem átti og hafði þróað í áratugi. Þessa sandkökuuppskrift lagði Keli fram sem sína og kláraði þannig Iðnskólann með bravúr. Reyndar var útskrift hans flautuð af á síðustu stundu og Keli kallaður fram á klósett – það var jú verið að nota salinn – og honum kynntar niðurstöður úr greiningu á deiginu og samanburður á uppskriftunum, hans og Nóa Briem. Þær reyndust eins.

Nú voru góð ráð dýr. Keli þykir vel ættaður ef allt er lagt saman, bæði skylt og óskylt, og því ótækt að hleypa honum ekki inn í fagið. Verandi af ætt hvar bakari hefur tekið við af bakara í áratugi; eða frá því Keli kardó laðaðist að greininni úti í Kaupmannahöfn árið 1811 – árið sem hinn frægi kardimommudropaskortur kom upp við Eyrarsund.

Keli Kela fékk nú að baka sig inn í stéttina – með skilyrðum; hann varð að leiðrétta „Piparkökusönginn“ fræga og baka, vegna sinnar innréttingar, tvöfalda uppskrift, eftir hinni ljóðrænu leiðsögn Hérastubbs bakara. Þetta réð „okkar“ maður við. Án sjálftekinnar hjálpar.

En nú er allt í uppnámi. Keli rífur sig ofan í rassgat og vill fá að ráða því hvaða bakarameistarar skuli skipa dómnefnd næst þegar Landssambandið stendur fyrir samkeppninni um „Köku ársins“. Frekjan og oflátungshátturinn í Kela eru takmarkalaus. Hann hnoðar og hrærir saman alls konar rök, óstöðvandi í óbilgirni sinni, og derringurinn sáldrast af honum eins og flórsykur. Gárungar í bakarastétt sendu honum afskurð af sandköku í pósti.

En, hann skildi ekki sneiðina.

OPIÐ 24 TÍMA
Opið allan sólarhringinn í öllum verslunum
Iceland

BÓKA MARKAÐURINN
LAUGARDALSVELLI
23. FEBRÚAR TIL 11. MARS
OPIÐ FRÁ: KL. 10 – 21 ÖLL KVÖLD



r



STILLANLEGIR DAGAR
KYNNTU ÞÉR ÚRVALIÐ!

Stillanlegt Ergomotion 40 rúm með Royal Corinna pokagorma dýnu. 2 stk. stærð 90x200 cm.

2.stk. stærð 90x200 cm.
Verð 22.784 kr. á mánuði* í 12 mánuði
Staðgreitt 259.465 kr.
Fullt verð 305.658 kr.

FERMINGARTILBOÐ
Hin gríðarvinsæli lampi Edison Petit frá **Fatboy** fylgir öllum fermingartilboðum.

The Petit lampinn fylgir öllum fermingarúmum!

ROYAL CORINNA
120x200 cm



25% Afsláttur og gjöf fylgir!
TILBOÐSVERÐ 73.524 kr.
Hágæða millistíf fimmsvæða skipt heilsudýna með 17 cm pokagorma kerfi, millistífum áföstum toppi og svörtum, hvítum, gráum eða brúnum botni og stálfótum.
FULLT VERÐ 98.032 kr.

ROYAL LAYLA
120x200 cm



25% Afsláttur og gjöf fylgir!
TILBOÐSVERÐ 95.426 kr.
Hágæða millistíf fimmsvæða skipt heilsudýna með 22 cm pokagorma kerfi, millistífum áföstum toppi og svörtum, hvítum, gráum eða brúnum botni og stálfótum.
FULLT VERÐ 127.354 kr.



EDISON PETIT
Helsvalur Fatboy- lampi með hleðslu-rafhlöðu og þriggja þrepa ljósadeyfi (dimmer). Frábær gjöf sem veitir birtu og gleði og kemur sér vel í rafmagnsleysi.
Kynntu þér Fatboy-vörurnar áh www.sekkur.is

Bjóðum upp á allt að 12 mánaða vaxtalausar greiðslur og fyrstu greiðslu í júní.
Einnig er hægt að greiða með Netgíró.

*Miðað við 12 mánaða vaxtalausan raðgreiðslusamning með 3,5% lántökugjaldi og 405 kr. greiðslugjaldi

Rekkjan Heilsurúm | Ármúla 44 108 Reykjavík | 588-1955
rekkjan@rekkjan.is | rekkjan.is

rekkjan HEILSURÚM